



Frímúrarinn

Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi





Sérsniðin eignastýringa- þjónusta fyrir þig

Einkabankþjónusta Íslandsbanka býður upp á persónulega langtíma fjárfestingar- og eignastýringaráðgjöf fyrir einstaklinga og lögaðila. Símanúmer Einkabankþjónustunnar er 440-4999.

[Islandsbanki.is/einkabanki](https://www.islandsbanki.is/einkabanki)

LEIÐARI RITSTJÓRA

Nýtt á traustum grunni

Frímúrarinn, tímarit Frímúrarareglunnar á Íslandi hefur komið út samfleytt frá árinu 2005. Hefur útgáfan þjónað sem farvegur fyrir upplýsingagjöf til bræðra innan vébanda Reglunnar en um leið skapað tækifæri til þess að vekja athygli á starfi hennar meðal fólks sem ekki er meðlimir hennar. Engin leynd hvílir yfir því sem hér er birt og fer því öðruvísi með blaðið en fundarsíði Reglunnar sem trúnaður ríkir um. Mörg dæmi eru um að Frímúrarinn hafi reynst kveikjan að því að menn æski inngöngu í Regluna. Þannig þjónar útgáfan ekki aðeins núverandi félögum í Frímúrarareglunni heldur einnig þeim sem á einhverjum tímavarki eiga eftir að stíga skrefið inn fyrir þróskuld hennar.

Á þeim 19 árum sem blaðið hefur komið út hefur útgáfan vaxið og dafnað. Fyrsta tölublaðið sem gefið var út taldi 20 síður en í dag er það meira en tvöfalt umfangsmeira og oftast fimmtíu síður eða meira. Þar kennir ýmissa grasa en ritstjórnarstefnan hefur alla tíð verið sú að gefa sem gleggsta mynd af starfinu á hverjum tíma og gefa fólki færi á að kynnst því hversu fjölbreytt og öflugt starfið er í öllum þeim mörgu stúkum sem starfræktar eru um landið, allt frá Ísafirði til Vestmannaeyja og frá Stykkishólmi til Egilsstaða.

Nú kveður við nokkuð nýjan tón í útgáfu blaðsins. Þótt efnistökin séu með svipuðu móti og áður var tekin ákvörðun um að breyta í nokkru útliti blaðsins. Er það gert til samræmis við aðrar breytingar sem ráðist hefur verið í, meðal annars á ytri ásýnd vefsíðu Reglunnar. Sitt kann hverjum að sýnast um þessar breytingar og víst er að margir vilja heldur halda í það sem lengi hefur vel reynst en að brjóta hluti upp og færa í annað horf, sem enn á eftir að sanna sig. En það er sannfæring okkar sem komum að útgáfunni að þetta sé rétt skref og tímabært á þessari stundu.

Meðal þess sem bryddað er upp á í nýju umbroti blaðsins er efnisyfirlit á fyrstu opnu þess. Er það hugsað til þess að gefa lesendum betur tækifæri til að átta sig á hvað blaðið hefur að geyma frá upphafi til enda og um leið þann möguleika að leita beint í það efni sem helst vekur áhuga hvers og eins.

Hin nýja hönnun byggir þó að mörgu leyti á hinni eldri og þeim góða grunni sem blaðið hefur staðið á allt frá fyrstu tölublaðum. Í hönnuninni naut Hörður Lárusson, sem á veg og vanda að nýjungunum, aðstoðar Guðbrands Magnússonar sem lengst og traustast hefur staðið að baki útgáfustarfinu og góðu samstarfi við ritstjóra þess á hverjum tíma, þá Steinar J. Lúðvíksson, Steingrím S. Ólafsson og Þórhall B. Jósepson. Eru honum við þessi tímamót færðar miklar og einlægar þakkir fyrir það drjúga og óeigingjarna starf sem hann hefur lagt af mörkum svo Frímúrarinn mætti verða sá mikilvægi hlekkur sem hann sannarlega er í starfi Reglunnar í dag. ✨

EFNISYFIRLIT

- 3 **Leiðari**
- 4 **Forsíðumyndin**
- 6 **Ákvað ævistarfið sjö ára**
Ég er frímúrari – Grétar H. Óskarsson
- 14 **Öldungar funda í Osló**
- 19 **Fjölmennasta fræðaðing sögunnar**
- 20 **Ljósið við upprisu sólar**
Hugvekja ædsta kennimanns
- 23 **Frímúrarar eru gæðablóð**
- 27 **Hjólað út í eitt**
- 28 **300 ára gömul stjórnarskrá frímúrarara**
- 30 **Grundvallarskipanin 1723**
- 32 **Fullbúin aðstaða hjá Sindra**
Nýr III° salur vígður
- 36 **Fræðin á nýju formi**
- 38 **In Memoriam**
- 39 **Hver var áttundi líkmaðurinn?**
- 40 **Lentu skyndilega í miðju stríði**
- 46 **„Söngur er hámark mennskunnar“**
- 50 **Fræðslumót um fjármál**
Fjárhagur og lífeyrismál í brennidepli
- 53 **Ávarp SMR**
- 54 **Guð elskar alla menn og heyrir allar bænir**

Bertel Thorvaldsen og skírnarfonturinn

Einn þekktasti kirkjugripur Íslands er án nokkurs vafa skírnarfontur Dómkirkjunnar. Hogginn í hvítan marmara, stendur hann í miðjum kór kirkjunnar og blasir við öllum sem virða fyrir sér innanstokk guðshússins.

Skírnarfonturinn er í forgrunni ljósmyndarinnar sem prýðir forsíðu Frímúrarans að þessu sinni. Það á vel við í blaði sem kemur út á jóla-föstudni miðri. Það dregur ekki úr gildi myndarinnar fyrir blaðið að skírnarfonturinn er eftir frímúrara og verkið var gjöf listamannsins til Íslendinga.

Rómaborg varð heimavöllur

Listamaðurinn var Bertel Thorvaldsen (1770–1844), sonur tréskurðarmannsins Gottskálks Þorvaldssonar frá Reynistað í Skagafirði og Karenar Dagnes frá Jótlandi. Listrænir hæfileikar hans komu snemma í ljós og var hann ungur sendur í fríhendið í undirbúningsdeild Fagurlistaskólans í Kaupmannahöfn. Eftir langt og mikið nám í hinum fögru listum fluttist Bertel til Róm og vann m.a. listaverk fyrir páfagarð sem enn eru til sýnis í Vatíkaninu.

Fyrirnefndan skírnarfont hjó Bertel í hvítan marmara á vinnustofu sinni í Róm árið 1827. Var það ætlun hans að færa ættjörð sinni verkið í minningu föður síns, en hann hafði látist árið 1806. Gripurinn var þó lengi á leið til Íslands, eins og gjarnan var á þessum tíma. Barst hann til Reykjavíkur árið 1939 eftir að hafa verið geymdur í Kaupmannahöfn í sex ár.

Var fonturinn vígður þann 14. júní, árið sem hann barst upp til föðurlandsins.

Miklar táknmyndir

Skírnarfonturinn er ferstrendur stöpull og undir honum er lágur sökkull, hogginn í sama stein. Ofan á fontinum er blómakrans, ótrúlega fíngerður, hogginn í marmara og skírnauskálin sjálf hvílir í honum. Á þeirri hlið hans sem snýr að altarinu er lágmynd af þremur svífandi englum. Undir myndinni standa þessi orð á latínu:

Opus hoc Romae fecit / et Islandiae / terrae sibi gentiliciae / pieatis causa donavit / Albertus Thorvaldsen / A.MDCCCXXVII.

Munu þau útleggjast sem: Verk þetta vann í Rómaborg / og á Íslandi / ættarlandi sínu / á nafnað í ræktarskyni / Albert Thorvaldsen / árið 1827.

Á þeirri hlið sem snýr að kirkjugestum er mynd sem sýnir skírna Krists í ánni Jórdan. Á hinum hliðunum eru svo myndir sem annars vegar birta Maríu með Jesúbarnið og Jóhannes og hinni sést Kristur blessa börnin.

Þann 27. febrúar 2024 mun sr. Sveinn Valgeirsson, sóknarprestur við Dómkirkjuna í Reykjavík, kynna rannsókn sína á Bertel Thorvaldsen. Það gerir hann á vettvangi stúkunnar Snorra, sem allt frá stofnun árið 2010 hefur staðið fyrir rannsóknarstarfi, m.a. á sögulegu efni tengdu frímúrum á ólíkum tímum. ✨

Frímúrarinn

Fréttablað Frímúrarareglunnar á Íslandi
3. tbl. 19. árg.
Desember 2023



Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Bríetartún 3
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík
frimurarinn@frimurarareglan.is

Ábyrgðarmaður

Guðmundur Kr. Tómasson, YAR

Ritstjóri

Stefán Einar Stefánsson

Ritstjórn

Arnar Þór Jónsson
Bragi V. Bergmann
Guðbrandur Magnússon
Stefán Bogi Sveinsson
Þórhallur Birgir Jóseppson

Auglýsingar

Erling Adolf Ágústsson
Andri Stanley Sigurðsson
Jón Kristinn Jónsson

Forsíðumynd

Skírnarfontur Dómkirkjunnar í Reykjavík, eftir listamanninn Bertel Thorvaldsen.
Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson

Prentun

Litlaprent ehf.

Pappír

Amber 240 g. / 100 g.

Letur

Tundra Pro

Efni þeirra greina sem birtast í blaðinu er á ábyrgð höfunda og þurfa ekki að endurspeglar stefnu Frímúrarareglunnar á Íslandi.



ÞJÓNUSTA VIÐ RANNSÓKNARSTOFUR Á HEILBRIGÐISSVIÐI





ÉG ER FRÍMÚRARI – GRÉTAR H. ÓSKARSSON

Ákvað ævistarfið sjö ára og stóð við það

Höfundur: Þórhallur Jósefsson
Ljósmyndir: Sigurður Júlíusson og úr einkasafni

Grétar H. Óskarsson gekk í Frímúrararegluna á Íslandi árið 1969, í stúkuna Mími í Reykjavík. Síðar tekur hann þátt í stofnun stúkunnar Fjölnis í Reykjavík árið 1987. Tíunda stig hlaut hann 1988. Grétar á að baki langan og farsælan feril í reglustarfi á Íslandi og erlendis sem og afar litríkan og farsælan starfsferil hér á Íslandi og víða um heiminn.

Grétar var upprunalega Hafnirðingur. „Ég er reyndar fæddur á Landspítalanum eins og reyndar flestir á þessum tíma,“ segir hann, en hann ólst sem sagt upp í Hafnarfirði. Þar kviknaði líka snemma áhuginn á því sem síðar varð svo hans ævistarf, fluginu!

„Ætli ég hafi ekki verið svona sjö ára, þá kom flugbátur, ef ég man rétt frá Loftleiðum, og lenti á höfninni í Hafnarfirði. Ætli það hafi ekki verið Grumman flugbátur. Svo var boðið upp á útsýnisflug og ég fékk pening hjá pabba og mömmu og leikfélagi minn og við fórum í hringflug. Þar með var áhuginn kominn fyrir flugi!“

Óg sá áhugi markaði gjörvallt líf Grétars eftir þetta, því leiðin lá í langskólanám um flug, nánar tiltekið flugvéla-

↑ Grétar H. Óskarsson á að baki ótrúlegan feril á sviði flugmála.

verkfræði og samhliða í flugnám. Hann lærði að fljúga til einkaflugs í Svíþjóð þegar hann var í háskóla og hélt síðan réttindunum við eftir að heim var komið fyrstu árin. „En svo varð það of dýrt. Það var nefnilega þannig að Agnar Kofoed-Hansen flugmálastjóri fékk því framgengt að við starfsmenn Flugmálastjórnar sem höfðum flugmannsréttindi fengum styrk til að viðhalda réttindunum með flugtímum, það var álitid hluti af starfsþjálfun okkar. En, svo komu einhverjir baunateljarar – kannski í fjármálaráðuneytinu? – auga á að þarna mætti spara einhverjar krónur í ríkisrekstrinum og styrkurinn var tekinn af okkur. Þar með var orðið of dýrt fyrir ríkisstarfsmann að viðhalda réttindunum og gekk það ekki lengur. Það var vissulega ekki beinlínis nauðsynlegt fyrir flugvélaverkfræðing að hafa flugmannsréttindi en – það hjálpar!“

Í Hafnarfirði bjó Grétar með foreldrum sínum til níu ára aldurs. „Faðir minn var Óskar Guðlaugsson, vélstjóri, lengst af verksmiðjustjóri í Síldar- og fiskimjölsverksmiðjunni Kletti í Reykjavík. Móðir mín var Guðrún

Ragnheiður Rögnvaldsdóttir Líndal, ættuð úr Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu, sonardóttir Hjartar Líndal á Núpi.

Grétar segir hafa verið mjög skemmtilegt að alast upp í Hafnarfirði. Hann gekk í kaþólska skólann, St. Jósefs skólann, í Hafnarfirði en þegar hann fluttist til Reykjavíkur níu ára fór hann í Landakotsskóla. Foreldrar hans skildu þá og faðir hans flutti austur á firði, móðirin til Reykjavíkur og Grétar með henni. Fyrstu fjögur, fimm árin eftir skilnaðinn var ekkert samband við föðurinn, en þá fluttist hann til Reykjavíkur og eftir það var mikið samband milli þeirra feðga allt þar til faðirinn dó.

Eftir barna- og gagnfræðaskóla lá leiðin í Verzlunar-skólann. „Ég var ákveðinn í því að læra flugvélaverkfræði, en þar sem Verzlunarskólinn hafði enga stærðfræðideild varð ég að fara í Menntaskólann í Reykjavík eftir stúdentsprófið í Verzlunarskólanum, þar fékk ég að sitja tíma í stærðfræði, efna- og eðlisfræði fjórða til sjötta bekkjar og ljúka þessum raungreinum sem var nauðsynlegt til að komast í verkfræðinámið.“

Nám í flugvélaverkfræði

„Á þessum tíma voru Bandaríkin fremsta landið á þessu sviði, en nám þar kostaði morð fjár og lítið var um námsstyrki. Þýskaland var hins vegar alveg opið og ég fór þangað, í Tækniháskólann Carolo Wilhelmina í Braunschweig. Þar var ég tvö og hálf ár og tók fyrirhlutaprófið í vélaverkfræði, en þá skipti ég um og fór til Svíþjóðar. Ástæðan var að í rauninni höfðu Þjóðverjar á þessum tíma ekki leyfi til að kenna flugvélaverkfræði þó að þeir gerðu það, landið var enn hernumið eftir styrjöldina. En skólinn þarna í Braunschweig stóð á gömlum merg, þetta hét vélaverkfræði þótt ansi mikið væri kennt um flugvélar.

Háskólinn í Stokkhólmi, Konunglegi Tækniháskólinn (KTH), var talinn einn af bestu háskólum í heimi, meðal annars í flugvélaverkfræði og Svíar voru – og eru – vel þekktir bæði sem flugvélaframleiðendur og flugrekendur, svo auðvitað flugherinn þeirra.

Í Svíþjóð var náminu skipt í þrjár megingreinar, ein var ef maður stefndi á að starfa í hernum, önnur ef maður vildi smíða flugvélar og vinna hjá Saab eða Svenska Flygmotor og loks það sem var kallað Flyg Transport Teknik eða flugflutningatækni. Það síðastnefnda snerist mikið um flugrekstur, lofthæfi flugvéla og viðhald, alþjóðaflug og alþjóðasamninga, en grunnnámið útaf fyrir sig var það sama í öllum greinum.

„Ég valdi flugflutningatæknina og stefndi á störf hjá Flugfélagi Íslands að námi loknu. Var búinn að leita hófanna um það hjá forstjóra félagsins og var ákvörðun mín um prófverkefni í KTH hluti af þeirri ráðagerð.“

Úr ferilskrá frímúrarans Grétars H. Óskarssonar

Tekinn upp í stúkuna Mími	15. október 1969
Gerðist stofnfélagi í stúkunni Fjölni	25. janúar 1987
Tekur X°	10. nóvember 1988

Skipaður Ritari Stúkuráðs	21. apríl 1983
Yfir-Ritari Stórstúkunnar	1984 – 1995
Skipaður í Stúkuráð	25. mars 1989
Lausn frá embætti Ritara Stúkuráðs	24. mars 1991

Heiðursmerki Fjölnis	21. janúar 1992
----------------------	-----------------

Fulltrúi Grand Lodge of Florida	30. mars 1992
Fulltrúi Grand Lodge of Quebec	19. ágúst 2003



↑ Frímúrarahúsið í Windhoek.

Fjölskylda

„Kona mín heitir Ingibjörg Guðfinna Haraldsdóttir. Hún var um 18 ára skeið gjaldkeri Alþýðusambands Íslands. Við kynntumst hér heima, en svo bjuggum við saman úti í Svíþjóð meðan ég var að læra. Við eigum þrjú börn, fimm barnabörn og tvö barnabarnabörn.

Elstur barnanna er Eiríkur Álmar, hann er flugvélaverkfræðingur og lærði í Iowa í Bandaríkjunum. Hann vann hjá American Airlines í Texas í 20 ár. Kom svo til Íslands aftur og vinnur nú á verkfræðideild Icelandair.

Næst er dóttirin, Ragnheiður Ýr, hún er sjúkraþjálfari og tölvunarfræðingur, vinnur hjá tölvufyrirtækinu Tempo og starfar líka sjálfstætt með tíma í sjúkraþjálfun, nuddi og jóga. Hún á þrjú börn.

Yngstur er sonurinn Haraldur Eyjar sem vinnur hjá Ríkislögreglustjóra við ýmis lögreglustörf í alls konar málaflokkum. Hann er kvæntur og á tvo syni og tvö barnabörn.“



↑ Grétar gegndi stöðu flugmálastjóra í Namibíu á árunum 1995-1999 og var þar á vegum sænsku bróunarhjalparinnar.

Prófverkefni Grétars í Stokkhólmi var að gera samanburð á flugvélum, þotum, sem Flugfélag Íslands (FÍ) hafði til athugunar að kaupa. „Og ég komst að sömu niðurstöðu og þeir höfðu komist að sjálfir eftir öðrum leiðum að það væri Boeing 727 sem væri besti kosturinn sem síðan var keypt. Það var mitt prófverkefni!“

Heimkoma frá námi

Grétar kvaðst telja að hann hafi verið fyrsti flugvélaverkfræðingurinn sem kom til starfa hér á landi, en fleiri voru að læra erlendis. Af starfi hjá FÍ varð ekki, en í ársbyrjun 1967 ræddist hann til Flugmálastjórnar Íslands og átta árum síðar, 1975, er hann ráðinn framkvæmdastjóri Loftferðaefirlits Flugmálastjórnar (Le).

Það lá þó ekki beint við að fara til starfa hjá Flugmálastjórn, því um skeið leit út fyrir að hann færi til starfa hjá Boeing, sem leitaði logandi ljósi um Evrópu að flugverkfræðingum á þessum tíma. „Þá fékk ég símtal þar sem ég var heima hjá foreldrum mínum í janúar 1967. Það var Agnar Kofoed-Hansen flugmálastjóri sem hringdi og bað mig að koma og tala við sig. Það er ekki að orðlengja það, hann taldi mig á að koma til Flugmálastjórnar og réð mig á staðnum í rauninni. Skipaði mig sem skoðunarmann loftfara í Loftferðaefirlitinu til aðstoðar breskum skoðunarmanni sem var hér. Fljótlega gerðist það svo að Bretarnir fóru heim og við fengum amerískan skoðunarmann frá Flugmálastjórn Bandaríkjanna og hann var hjá

okkur næstu tvö árin með mér áður en ég tók alfarið við sem skoðunarmaður loftfara.“

Flugslysarannsóknir eru flókin vinna

Á þessum tíma voru allar flugslysarannsóknir á verksviði Loftferðaefirlitsins. „Hins vegar ef um dauðaslys var að ræða þá var til viðbótar skipuð sérstök rannsóknarnefnd, sérfróðir menn kallaðir til, flugstjórar eins og Jóhannes Snorrason, Karl Eiríksson og fleiri. Nefndin vann með okkur þannig að við, einkum Skúli Jóni Sigurðarson sem stjórnaði þessum málaflokki innan Loftferðaefirlitsins, tókum þátt í öllum rannsóknum. Starfið við slysarannsóknir var ekki bundið við Ísland, heldur vorum við kallaðir til ef íslensk flugvél lenti í slysi erlendis. Dæmi um það er þegar Fokker vél Flugfélagsins fórst á Mykinesi í Færeyjum og þegar Cargolux vélin fórst í Daka í Austur-Pakistan sem heitir nú Bangladesh, en hún var skráð á Íslandi. Í því tilviki kom í ljós að hæðarstýri vélarinnar læstist með þeim afleiðingum að hún steyptist í jörðina. Í Færeyjum var flugvélin um 50 metrum of lágt, hefði hún flogið nokkrum metrum hærra hefði hún lent heilu og höldnu, það voru einhverjar truflanir í tækjunum sem leiddu til þess að flugmennirnir tveir töldu sig vera hærra en þeir voru.“

Flugslysarannsóknir eru flókin vinna sem krefst þekkingar, nákvæmni, þolinmæði og þrútsæigju og Grétar segir óhætt að segja að aldrei sé ein orsök þegar flugslys verða. Þar geti komið við sögu margvíslegir mannlegir þættir eins og til dæmis þreyta eða misskilningur, veður

er oft orsakabáttur, galli eða bilun í flugvél, venjulega eru margir orsakabættir að baki einu slysi. „Þessar rannsóknir eru gagngerar og eru gerðar eftir alþjóðlegum stöðlum og taka venjulega langan tíma. Niðurstöður eru ítarlegar og greina alla orsakabætti sem fundist hafa. Allir flugmenn geta haft aðgang að flugslysaskýrslum, frá öllum löndum, enda er markmið þeirra að upplýsa og stuðla þannig að auknu flugöryggi.“

Grétar segir flugið vera einn öruggasta samgöngu-mátann, en hins vegar veiki það jafnan mikla athygli ef eitthvað ber út af og slys verður. „Þau eru svo blessunarlega fátíð flugslysin að þegar þau verða, þá er það fréttamatúr. En, það er enginn fréttamatúr ef það verða bísllys, það farast þúsundir manna í umferðarslysum í Evrópu á hverju ári, en kannski örfáir í flugslysum. Maður er í raun í margfalt meiri lífsháska á jörðu niðri en sem farþegi í flugvél!“

Út í heim, fyrst til Namibíu

Grétar starfaði í 36 ár hjá Flugmálastjórn að frádregnum 5 árum sem hann var flugmálastjóri Namibíu, 1995-1999, í starfsleyfi frá Flugmálastjórn og lét af störfum og fór á eftirlaun 65 ára árið 2003.

Starfið í Namibíu var á vegum sænsku Þróunar-hjálparinnar, sem hafði tilnefnt Grétar ásamt nokkrum öðrum til starfsins, þar á meðal Svíum. Svo var hópurinn þrengdur og í lokin var Grétar valinn til að gegna stöðu flugmálastjóra Namibíu.



↑ Falleg kirkjubygging í Namibíu þar sem Grétar kunni mjög vel við sig.

FRÍMÚRARADAGBÓKIN

KR. 3.500

Fjáröflun vegna endurnýjunar á III° sal
Regluheimilisins í Reykjavík.

Við bjóðum bræðrum að kaupa vandaða dagbók
í stærðinni A5 fyrir árið 2024 á aðeins 3.500 kr.

Hagnaðurinn af hverri bók er 1.200 kr.
sem rennur óskiptur í III° sjóðinn.

Innifalið í verðinu er áprentun með skjaldamerki
stúkunnar ásamt nafni hvers bróður.

PANTAÐU ÞITT EINTAK HJÁ FÉHIRÐI ÞINNAR STÚKU EÐA Á VEF REGLUNNAR



margt smátt



Nær dauða en lífi í New York

Þegar Grétar H. Óskarsson starfaði hjá Loftferðaæftirlitinu fylgdi starfinu að fara þrisvar til fjórum sinnum á ári til New York til að hafa eftirlit með flugvélum Loftleiða og gefa út lofthæfisskrteini fyrir þær, því allt viðhald vélanna var þar úti á Kennedy flugvelli. Í einni slíkri ferð, í apríl 1969, varð hann fyrir lífshættulegri árás.

„Þetta átti að vera fjögurra til fimm daga ferð og í leiðinni ætlaði ég að koma við í New Jersey og kaupa varahluti í flugvél Flugmálastjórnar og hafði þess vegna 2000 dollara tékka frá Landsbankanum í vasanum, ásamt passanum mínum.“

Ég var á leiðinni út á Newark flugvöllinn til að heimsækja þetta fyrirtæki sem seldi varahlutina, ég ætlaði þangað eftir hádegjöld, þeir ætluðu að sækja mig á hótelið þar sem ég bjó ásamt flugmönnum og starfsfólki Loftleiða í New York.

Pennan morgun ætlaði ég að fara og versla svolítið og gekk út á aðalgötuna þarna fyrir utan hótelið og er að ganga eftir 5th. Avenue um 11 leytið. Þá kom regnskúr og hellirignir eins og svo oft þar. Ég leita skjóls undir sól-tjöldum eins og voru almennt yfir gluggum verslana til að bíða af mér regnið ásamt nokkrum öðrum. Fljótlega tándust aðrir burt þar til ég stóð einn eftir ásamt einum þeldökkum manni. Þá allt í einu þrífur hann í öxlina á mér, bregður upp stórrí svedju, stingur mig í magann og hvæsti á mig „I hate you!“ [Ég hata þig!] og svo hljóp hann út í rigninguna.

Ég datt bara niður þarna, missti allan mátt, en missti þó ekki meðvitund. Svo dró ég út svedjuna, þetta var eins og 12 tommu byssustingur! Þetta hefði ég ekki átt að gera sagði læknirinn mér seinna! Þá fór að blæða.

Ég skreið þarna inn í verslunina og þar kom eigandinn á móti mér og kallaði á mig að koma mér út! Hann hefur haldið að ég væri fullur eða eitthvað, þreif

í öxlina á mér en sá þá allt blóðið og sagði „Oh, you are really hurt mister!“ [Ó, þú ert raunverulega slasaður!] og slepti mér aftur. Ég bað hann að hringja á lögregluna og hann gerði það. Mjög fljótlega kom löggan og þá gerir lögreglumaðurinn það sama, rífur í öxlina á mér, hélt líka að ég væri útúrdrukkinn, og rífur mig upp og þá dauðbrá honum líka. Í því kemur einhver inn frá götunni með hnífinn, heldur honum í höndunum og segir: „Has this something to do with it?“ [hefur þessi eitthvað með þetta að gera?] Lögreglan tók hnífinn og spyr mig síðan: „You got money mister?“ [Ertu með peninga?]. Ég játaði því og hann bað mig að sýna fram á það. Ég vissi að ég var með 2000 dollara tékkann í vasanum. Mér tókst að ná tékkanum og sýna lögreglumanninum. Þá sagðist hann trúna mér, ég hefði peninga, og sagði: „We will take you to a good hospital“ [við förum með þig á gott sjúkrahús]. Þeir vissu náttúrlega ekkert hver ég var eða hvort ætti að fara með mig á einhvern fátækra spítala eða „good hospital.“

Þeir fóru með mig á Franska spítalann sem var þarna rétt hjá. Þar var ég bara tekinn inn í hveli og farið að undirbúa aðgerð. Þar var ég spurður strax hvort ég þekkti einhvern þarna og ég vísaði þeim á Loftleiðastarfmennina sem voru með mér á hótelinu. Nokkrir þeirra komu bara samstundis, flugstjórinn og fleiri. Loftleiðir höfðu svo strax samband heim til Íslands og náðu í Agnar Kofoed-Hansen flugmálastjóra og hann hafði nú sambönd sá maður, eftir augnablik var kominn privatlæknir á spítalann til þess að skera mig upp. Ég var svo heppinn að hnífurinn fór inn á milli líffæra, skaddaði ekkert þeirra, fór bara gegnum mig!

Nokkrum dögum seinna fékk ég þá skýringu á þessu atviki hjá læknum að sá sem stakk mig gæti hafa verið félagi í „Black Panther“ [Svarti hlébarðinn] að vinna sig í álit þar, en þau samtök blómstruðu mjög á þessum tíma.“



↑ Mikil uppbygging hefur átt sér stað í Windhoek á síðustu áratugum.

Fjölbreyttar lausnir fyrir hús & nýbyggingar



Einingahús CLT
krosslímt tré



Gluggar & hurðir



Límré



Yleiningar

Strúktúr er með lausnina fyrir húsið

Allt sem við hugsum, allt sem við gerum, snýst um þig okkar viðskiptavin



Z Strúktúrhús



Utanhússklæðningar



Stálgrindarhús



Dúkar & þéttborðar

Við erum alltaf klár í spjallið

Hafðu samband við okkur



Hjá ICAO í Montréal

Að Namíbíudvölinni lokinni bauð Þorgeir Pálsson flugmálastjóri Grétari að fara til Alþjóða flugmálastofnunarinnar (ICAO) í Kanada fyrir hönd Íslands og hinna Norðurlandanna.

„Ég var þar næstu þrjú árin sem fulltrúi í Air Navigation Commission (ANC), sem er flugöryggisráð Alþjóða flugmálastofnunarinnar.“ Að lokinni þriggja ára dvöl í Kanada lá leiðin heim aftur og nokkrum mánuðum síðar í mars 2003 lét Grétar af störfum fyrir Flugmálastjórn og fór á eftirlaun.

Flugmálastjóri Namibíu

„Namibía var þýsk nýlenda frá 1884 til 1914 þegar Þjóðabandalagið setti landið undir stjórn Suður-Afríku. Sjálfstæði hlaut svo Namibía 1990 og hófst þá mikil uppbygging. SIDA, sænska þróunarhljálpin, aðstoðaði Namibíu á mörgum sviðum þar með talið í flugmálum og á vegum SIDA var ég svo ráðinn flugmálastjóri Namibíu.

Í ársbyrjun 1995 hóf ég störf með það að markmiði að byggja upp alþjóðlega viðurkennda Flugmálastjórn í landinu, með öllu sem til þurfti, og þjálfa namíbískan eftirmann minn. Upphaflega var ég ráðinn til tveggja ára sem síðan var framlengt í 5 ár.

Áður en ég fór að heiman hafði ég leitað mér upplýsinga um frímúrarastarfið í Namibíu og hafði heimilisfang regluheimilis frímúrara í höfuðborginni Windhoek. Götunafninu hafði að vísu verið breytt en regluheimilið fann ég þó og gaf mig fram við nokkra bræður sem ég sá að störfum við endurbætur á húsinu.

Samkvæmt leiðbeiningum þeirra fór ég daginn eftir á frímúrarafund í þýskumælandi stúku, „Zum Kreuz des Südens“, sem starfaði undir Grand Lodge of Scotland. Var mér vel og bróðurlega tekið og vísað til sætis í stúkunni við hægri hlið stólmeistara stúkunnar. Var það mitt sæti næstu 5 árin sem ég starfaði í stúkunni.

Í regluheimilinu í Windhoek störfuðu einnig stúkur á ensku, undir Grand Lodge of England, og á afrikaans, undir Grand Lodge of South-Africa. Namibía átti sér enga eigin Grand Lodge.

Starfið í stúkunni minni „Zum Kreuz des Südens“ eða Suðurrössinum fór fram samkvæmt frímúrarakerfi Schröders frá 1801. Það kerfi var ein af grunnstöðum okkar sænska kerfis og svipar mjög til þess, meira en ég hef kynnst í öðrum frímúrarakerfum.

Áður en ég lét af störfum í Namibíu baðst ég leyfis að mega ljósrita rituöl Schröders, fyrsta til þriðja stigs. Var mér góðfúslega veitt það leyfi og gaf ég bókasafni Reglunnar okkar ljósritin við heimkomuna til Íslands.

Með því að taka þátt í starfsemi frímúrara í Windhoek, Rotary klúbbsins og Windhoek Golfclub kynntist ég strax fjölda fólks sem gott var að þekkja og var flest áhrifamikið í landinu. Auðveldaði þetta mér mikið allt mitt starf í Namibíu að eiga góða félagu að, vítt og breytt í samfélaginu.“

Flugmálastjóri í Kosovo

„Þá var ég beðinn að fara til Kosovo á vegum Sameinuðu þjóðanna og setja þar upp flugmálastjórn, var þar næstu þrjú árin. Í Kosovo var slæmt ástand, rafmagnsleysi, óeirðir og ófriður enda skammt um liðið frá stríðinu þar við Serbíu.“

Það var auðvitað engin tilviljun að Grétar var beðinn þessa. Hann var margreyndur á þessu sviði, ekki síst eftir fimm ára dvöl sem flugmálastjóri Namibíu og síðar sem fulltrúi Norðurlandanna hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni í Montréal í Kanada, en sú stofnun er ein af undirstofnunum Sameinuðu þjóðanna.

Til starfa í Bútan

Að starfi loknu í Kosovo var á ný leitað til Grétars til að aðstoða við að setja upp flugmálastjórn og í þetta sinn austur í Himalayafjöllum, nánar tiltekið í Bútan. Þar var einn flugvöllur og vantaði að byggja upp flugmálastjórn og margt fleira varðandi flug. Þetta var tveggja ára verkefni og Sænska þróunarhljálpin borgaði.

„Ég var með Svíum þarna, en stundum þó einn. Það var einn Svíi sem hafði það verkefni að finna ný flugvallarstöði og bæta flugvöllinn sem fyrir var og aðrir Svíar sáu um flugumferðarmálin. Ég sá svo um flugöryggismálin. Stundum vorum við tveir eða þrír þarna, stundum var ég einn. Þó að þarna hafi aðeins verið einn flugvöllur kom hann að nokkru gagni, þeir flugu þarna inn tveggja hreyfla Airbus þotum, en þá vantaði auðvitað meira öryggi og rekstrar- og samgönguöryggi með fleiri flugvöllum og alvöru alþjóðlegu kerfi í kringum flugið, skiljanlega.“

Grétar ber Bútan vel söguna. „Það var dásamlegt að vera þarna og elskulegt fólk. En, þetta var að mörgu leyti eins og að fara 70 ár aftur í tímann. Fólkið er glatt, lifir í sátt í sinni Búddatrú. Maturinn er góður, kjöt, fiskur og grænmeti, indverskur matur, búddískur matur og jafnvel kínverskur matur!“

Starfað í Serbíu og starfslok

Þá var það að í ársbyrjun 2009 er Grétar beðinn að fara til Serbíu og byggja þar upp flugmálin eins og á fyrri stöðum. Serbía stefndi að inngöngu í Evrópubandalagið (EB) og til þess þurfti meðal annars að gerbreyta öllum flugöryggiskröfum í landinu til þess að uppfylla flugöryggisstaðla EB.

„Þar var ég hins vegar rekinn!“ segir hann og brosir við. „Þegar Serbarnir komust að því að ég hafði verið í Kosovo, að vinna fyrir erkióvininn þetta sama starf, þá náði þetta ekki lengra, ég varð að fara!“

Störfum mínum að flugmálum var þar með lokið og ég 72 ára að aldri. Lá þá beinast við að setjast í „helgan stein“ en ég frestaði því og gerðist leiðsögumaður næstu árin innanlands fyrir ýmsar ferðaskrifstofur. Stórir hópar þýskra ferðamanna komu á hverju sumri og mikill skortur var á þýskumælandi leiðsögumönnum. Með gefandi og ánægjulegri leiðsögumennsku í sex ár lauk launaðri starfsævi minni.“ ✨



BRÆÐUR Á FERÐ

Öldungar funda í Osló

Höfundar: Eiríkur Hreinn Helgason og Pétur Örn Sverrisson
Ljósmyndir: Eddubræður og -systur

Dagana 1.- 3. september 2023 var haldinn fundur elstu St. Jóhannesarstúknanna á Norðurlöndum. Þá bauð norska stúkan St. Olaus til den Hvide Leopard til fundar.

Yfirstjórnir Frímúrarareglanna á Norðurlöndunum hafa ætíð verið í góðum tengslum eins og dæmin sanna og unnið vel saman. Hið sama á við um vinaleg og bróðurleg samskipti elstu stúkna Norðurlandanna. Danskir og sænskir bræður komu á formlegum samskiptum milli Nordiska Första í Svíþjóð og Z&F í Danmörku um miðbik síðustu aldar með gagnkvæmum heimsóknum.

Yfir fjörutíu ára hefð

Til fyrsta fundarins sem stólmeistarar elstu stúkna allra Norðurlandarárkjanna fimm sátu var boðað í Kaupmannahöfn



↑ Stólmeistarar norrænu stúknanna sem sóttu fundinn í Osló ásamt Ragnar Tollefsen, Stórmeistara norsku reglunnar.

í febrúar 1979. Elstu stúkurnar fimm innan hins sænska kerfis á Norðurlöndunum eru auk St. Olaus til den Hvide Leopard, stúkurnar Z&F, Nordiska Första, St Augustin og Edda. Fyrsta fundinn árið 1979 sóttu eingöngu stólmeistarar og vara-meistarar stúknanna. Þar ræddu menn ýmis álitæfni sem voru sameiginleg fyrir allar stúkurnar og starf þeirra.

Ári 1980 hittust stólmeistarar stúknanna á ný og þá í Osló og síðan á ný árið 1982 en eftir það varð hlé á formlegum fundum stólmeistara elstu stúknanna uns umræður um þá hófust á ný eftir aldamótin. Nú eru fundir þessir vettvangur þar sem bræður og systur allra Norðurlanda koma saman annað hvert ár og ganga til áhugaverðrar dagskrár með fræðslu, menningu, glensu og gamni en ekki síst með vinskáp sem einkennir félagsskapinn. Eru heimsóknir sem þessar mikilvægur þáttur í að þetta bræðra- og systrahópinn. Þar að auki gefst bræðrum færi á að sækja sameiginlegan frímúrararafund og kynnast starfi systurstúkna Norðurlandanna af eigin raun. Eðlilega varð rof á þessari góðu hefð að hittast meðan heimsfaraldurinn réði ríkjum. Hafði síðasti fundur á undan þessum verið haldinn í Regluheimilinu í Reykjavík árið 2019 en þá var bræðrum frá elstu stúkum Norðurlandanna stefnt til afar fjölsótttra fundu í tilefni af 100 ára afmæli stúkunnar Eddu og Frímúrarastarfs á Íslandi.

Eddubræður fjölmennu

Eddubræður hafa ævinlega sótt þessa norrænu fundi vel og þessi fundur var þar engin undantekning. Alls fór 21 Eddubræðir til fundar, auk fimm bræðra frá öðrum íslenskum stúkum svo og makar. Hópurinn frá Íslandi taldi alls 50 manns. Þarf ekki að fjölyrða um það að Íslendingar voru fjölmennir miðað við aðra gesti og mun það vera regla frekar en undantekning á fundum sem þessum, hvort sem miðað er við höfðatölu eða stuðst við önnur viðmið.

Hinn eiginlegi fundur stólmeistara stúknanna var haldinn á föstudegi í Regluheimilinu og í beinu framhaldi af honum efndu Norðmenn til móttöku fyrir alla þátttakendur. Þar var vel mætt, á þriðja hundrað bræður og systur komu saman. Í Hátíðarsalnum var boðið upp á vandaða dagskrá þar sem flutt voru erindi og tónlist sem hæfði tilefninu og fullyrt var að þá hefði í fyrsta skipti í sögunni verið boðið upp á svo fjörugt dansatriði í stúkusal.

Kenna sig við Ólaf helga

Gestgjafar fundarins nú í september voru bræður í stúkunni St. Olaus til den Hvide Leopard. Sú stúka er næst elsta stúka Norðurlandanna, stofnuð í Osló árið 1747. Móðurstúka hennar var St. Martin í Kaupmannahöfn sem starfaði um skamma hríð á ofanverðri átjándu öld.

Hlébarðar, hvað þá hvítir, finnast ekki í Noregi svo vitað sé. Nafnið vakti því forvitni Eddubræðra, en kattardýrið má bæði sjá í skjaldarmerki stúknunnar sem og auðvitað í nafninu. Skýringarinnar er að leita aftur til ársins 1780. Þá var tilsjónarmaður stúknunnar frá hendi dönsku stúknunnar baron nokkur sem hafði „Ritter von weissen Leoparden“ í titli sínum og þannig komst kattardýrið inn í stúkuna og merki hennar. Stúkan hét hins vegar upprunalega einungis St. Olaus og dró nafn sitt af Ólafi konungi sem uppi var 995 til 1030 og vann á skammri ævi það afrek að sameina Noreg og ríkja þar sem konungur. Hann var að vísu hrakinn frá völdum og lést í frægri orrustu að Stiklastað eftir að hafa reynt að ná völdum að nýju. Skömmu eftir andlátíð var hann lýstur helgur maður og gjarna vísað til hans sem Ólafs helga eftir það. Ólafur hafði einnig viðurnefnið Ólafur digri, samanber þegar Davíð Stefánsson yrkir í orðastað Hræreks konungs, sem einn konunga er jarðsettur á Íslandi. Í kvæði um hann segir: En orðstír hlaut af illum sigri, Ólafur konungur digri. Var Hrærekur í kvæðinu að lýsa því hvernig Ólafur braut niður andspyrnu smákónga eins og hans. En Ólafur lét stinga úr Hræreki augun til þess að ryðja honum úr vegi og greiða fyrir pólitískum markmiðum sínum. Við bæinn Kálfsskinn rétt við Árskógsströnd við Eyjafjörð, þeim stað þar sem ætlað er að Hrærekur sé grafinn, hefur verið reistur minnisvarði um hann.



↑ Regluheimilið í Osló er stórglæsilegt og stendur næst sjálfu Stórþinginu.

Regluheimilið í Osló

Laugardagurinn var síðan þéttskipaður, viðburðir frá morgni til kvölds. Dagskráin hófst með heimsókn í og kynnisferð um Regluheimilið. Þar var veitt góð innsýn í sögu byggingarinnar þegar sérfræðingar um sögu hennar leiddu gesti um húsið.

Norska Regluheimilið, Stamhuset, er stórglæsileg bygging. Húsið er byggt árið 1894 en byggt var við það árið 1961. Það stendur nánast við hlið húss Stórþingsins og það er hreint ekki ofsögum sagt að Regluheimilið sé í hjarta Oslóarborgar. Sagt er að húsið sé ein af fegurstu byggingum borgarinnar. Salarkynni eru fjölmörg og virðist fátt til sparað í upphafi að gera húsið sem glæsilegast. Ekki er hægt að tala um húsið öðruvísi en að minnast á ægifagurt parket á gólfi hátíðarsala hússins. Er það listaverki líkast og gert úr þremur mismunandi viðartegundum sem mynda fallett munstur á gólfi. Er norskum bræðrum skiljanlega mjög annt um gólfíð. Þegar von er á systrum í húsið virkjast embætti „br. parketvarðar“ sem hefur þá embættisskyldu að sjá til þess að konur sem klæðast skóm með háum hælum fái viðeigandi varnarbúnað á skæði sín, parketinu til varnar.

Eins og þekktist annars staðar í löndum sem hernum voru í síðari heimsstyrjöld þá lagði þýski herinn Regluheimilið undir sig á stríðsárunum. Norska Frímúrarareglan á fjölmargar sögur um ýmsar afleiðingar þess. Skrifstofa Stórmeistara Reglunnar varð þannig skrifstofa æðsta manns hernámshliðsins, hins alræmda Vidkun Quislings sem með svikum sínum við hina norsku þjóð gerði það að verkum að nafn hans merkir á fjölda tungumála föðurlandssvikari.



↑ Parketið í hátíðarsal byggingarinnar er hreint og klárt listaverk.



Hreint loft betri heilsa



Honeywell gæða lofthreinsitæki

Loftmengun er hættuleg heilsu og lífsgæðum. Honeywell lofthreinsitæki eru góð við myglugróm, bakteríum, frjókornum, svifryki, lykt og fjarlægir allt að 99,97% af ofnæmisvaldandi efnum.



HFD323E Air Genius 5. Hreinsar allt að 99.9% af óhreinindum. Hægt að þvo síuna. Verð kr. 39.420



HPA830 Round Air Purifier. Hreinsar allt að 99.97% af óhreinindum. Mjög hljóðlát. Verð kr. 29.960



HA010E hægt að þvo síuna. Verð kr. 16.890

Láttu þér og þínum líða vel - innandryra



↑ Hátíðarkvölderður með systur fór fram á laugardagskvöldinu í Regluheimilinu í Osló.

Til eru frásagnir af því að hernámsliðið stundaði alls konar athæfi þar inni, allt frá marséringum upp í skotæfingar, með miður góðum árangri og afleiðingum.

Ungur ungbroðir

Í eftirmiðdaginn á laugardeginum hittust hátt í 150 bræður á fundi á 1°. Þar var tekið á móti nýjum bróður. Athygli okkar íslensku bræðranna vakti hve ungur innsækjandinn var, 21. árs, en ekki er langt síðan Norðmenn lækkuðu lágmarksaldur innsækjenda.

Að sitja fundi í hópi bræðra frá Norðurlöndunum er sérstök upplifun. Tungumálið hættir að skipta máli, upplifunin verður rík og samkenndin alger.

Meðan bræður sóttu fund var systur boðið til fræðslu um töfra guðaveiga, kampavíns. Fengu systur þar fræðslu um allt sem þeim sem njóta vilja kampavíns er nauðsynlegt að kunna skil á þegar slíkir drykkir eru hafðir um hönd. Ekki hafa borist aðrar fréttir til bræðra en að systur hafi verið ánægðar með þann þátt heimsóknarinnar.

Stórglæsilegt galakvöld

Galakvöldið sem haldið var á laugardeginum var fjölsótt og glæsilegt. Boðið var upp á fjölbreytta dagskrá þar sem hver stórviðburðurinn rak annan. Eftirminnileg tónlistaratriði skreyttu samkomuna og eins og skyldan býður voru fluttar ræður og skálað fyrir systur og bræðrum. Mæltist ræðumönnum vel og skynsamlega.

Eftir sameiginlegan hádegisverð á sunnudegi héldu bræður og systur heim á leið. Almenn ánægja var með það hvernig ferðin hefði tekist og almennt álit ferðalanga að betur hefði verið af stað farið en heima setið. Við ferðalok létu finnskir frímúrarar þess getið að þeir hygðust slá Eddubræðrum við hvað varðar fjölda þátttakenda á næsta norræna fundi sem verður í Kaupmannahöfn árið 2025. Framtíðin mun skera úr um hvort þeim tekst það ætlunarverk sitt en ekki er mjög líklegt að Eddubræður láti þeim eftir sæti sitt sem fjölmennasti bræðra- og systrahópur gesta. ✨



↑ Embættismenn norsku stúkunnar ásamt fulltrúum gesta og Stórmeistara norsku reglunnar.



↑ Norskir frímúrarar segja gjarnan að þessi kamína í Stórmeistara-herberginu sé stærsta leyndarmál norsku Reglunnar. Á það reyndi með eftirminnilegum hætti þegar æðstu menn þýska hernámsliðsins reyndu að kveikja eld í henni og komust að því að hún var ekki tengd við skorstein og því „súrnaði þeim eftirminnilega í augum“ þegar herbergið og nærliggjandi vistarverur fylltust af reyk þeim til lítillar ánægju.



herra GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN / SMÁRALIND

VIÐBURÐUR

Fjölmenasta fræðaping sögunnar

Höfundur: Arnar Þór Jónsson
Ljósmyndir: Guðmundur Skúli Viðarsson

Sunnudaginn 10. september síðastliðinn efndi fræðslunefnd Frímúrarareglunnar til veglegs fræðapings Kapítula IX. Einvala hópur fyrirlesara flutti ellefu afar fróðleg og skemmtileg erindi um margvíslegar hliðar þessa stigs Reglunnar. Erindin verða gefin út og varðveitt á bókasafni Reglunnar, bræðrum til glöggvunar og uppljómunar.

Fræðapingið var sérlega vel heppnað og varð raunar fjölmenasta fræðaping Reglunnar til þessa, en húsfullir varð og sóttu alls 233 bræður þingið.


Kristján Þórðarson, Stórmeistari og Kristján S. Sigmundsson, hersir Stórmeistarans fluttu hrífandi og hvetjandi setningar- og lokaávörp. Þingstjórar voru Einar Kristinn Jónsson, formaður fræðslunefndar, og Árni Gunnarsson, varaformaður. Steingrímur B. Gunnarsson var ritari og tæknistjóri þingsins líkt og á fyrri þingum. Eins og ráða má af öllu framangreindu var mikil ánægja með þingið, enda endurspeglaði það ríkulegan áhuga bræðranna á efninu. Sumir bræður lögðu á sig að ferðast um langan veg til að sitja þingið, en í lok dags voru allir á einu máli um að hér hefði sunnudagseftirmiðdegi verið vel varið. ✨

→ Efst má sjá aðstandendur og málmenn fræðapingsins. Á öðrum myndum má nánast heyra glefsur af áhugaverðum erindum ræðumanna.



Ljósið við upprisu sólar í austri

KRISTJÁN BJÖRNSSON



Armbandsúrið mitt hafði gripið athygli yngsta barnabarnsins. Það var bæði undrun og töluverð spennu í svipnum og öllu fálminu þangað til drengurinn þriggja mánaða náði taki. Það var eins og hann yrði feginn að ná taki á tímanum. Í heimi ungabarns er tíminn óljós og óljós mörk á degi og nóttu. Það þekkja allir foreldrar. En úr óljósi verður til ljós. Í því felst sköpunin og eftir að það gerðist að Guð sagði „Verði ljós“ höfum við vitað hvað dögnum líður. „Hvað líður tíma?“ gæti ungabarnabarnið hafa viljað spyrja afa sinn. Eftir að óreiðan varð að sköpunarverki með orði Guðs og vikan varð til með hvíldardeginum sem fullkomnar vikuna fékk heimurinn þá skikkan sem hann vantaði án þess að vita að hann vantaði nokkuð. Foreldrar skapa barni sínu ramma að lífi og hjálpa ungdómi við að þroska sköpunarþörf sína.

Myrkrið verður ljós

Þarna er óhætt að tala um hina fyrstu sköpun og svo kom sú nýja með fæðingu Jesúbarnsins sem síðar í þroskanum var réttnefndur Frelsari, Lausnari og Friðarhöfðingi frá Betlehem. Þá kom ljósið í heiminn að nýju og að breyttu. Við munum að myrkrið tók ekki á móti því. Myrkur er erfitt fyrir þann sem vill rata. En myrkur tekur algjörri breytingu við hina nýju sköpun. Í stað þess að reka myrkur heimsins

út í ystu myrkur ákveður skaparinn að myrkrinu verði breytt í ljós. Myrkur var ekki til í honum og því hefur verið sagt að meira að segja myrkrið var ljós. Svo mikið er ljósið sem kom að nýju í heiminn að minnsta gráskíma þess í myrkrinu er ljós. Það er oft ratljóst á nóttunni. Ljósið táknar von og það er alltaf von þótt skuggatjöldin dragi fyrir í lífinu.

Í heimi mannkyns er stundum einsog það eigi enn eftir að dimma meira en orðið er með ófriði eða hörmungum eða birtan nánast að hverfa áður en allt verður bjart að nýju. Þannig eru tímar á Íslandi þegar við búum okkur undir hamfarir eða áföll sem verða kunna. Jarðeldarnir og gríðarlegar jarðhræringar á Reykjanesi eru slíkar aðstæður því það virðist liggja svo margt í loftinu miðað við dimmstu sviðsmyndir. En það er betra að búa sig undir verri sviðsmyndir en skárrí. Um leið á vonin alltaf að vera björt eins og sólin á daginn og fullt tunglið um nætur með öllum sínum stjörnum. Eftir þessum miklu ljósum er alltaf hægt að rata. Þess vegna voru þau sköpuð og þau voru sköpuð fyrir okkur svo við misstum aldrei sjónar á því sem er bjartast og vonarríkast í þessu lífi. Upphaf adventunnar vísar rակleitt upp til jóla. Hún vísar á ljósið í ljósanna hátíð og friðinn í hátíð friðarins. Mér hefur verið hugsað til Grindvíkinga sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín og vita sáralítið um það hvenær hægt verður

að snúa aftur. Hvar halda þeir jólin? Þá hugsa ég líka til Eyjamanna sem einsettu sér fyrir hálfri öld að snúa aftur á Heimaey löngu áður en það var hægt. Þannig voru þeir tilbúnir þegar hliðin opnuðust.

Óreiðukenningin

Við sækjum í ljósið og væntum þess að það lýsi veginn. Það kemur fyrst allra ljósa fyrir í fyrri sköpunarljóðinu í Fyrstu Mósebók. Þar er ljósið kallað fram þegar myrkur hafði lúrt yfir djúpinu í ómældan tíma. Það er ekki skapað af engu heldur af orði en ljósið kemur skikkan á veröldina þegar hún hefur verið í óreiðu. Það er meira að segja til kenning sem kalla mætti óreiðukenninguna. Hún byggir á því að úr hverri óreiðu sé hægt að skapa reglu eða skikkan. Skapa ljós úr óljósi. Það má segja að í óreiðunni hafi ljósið komið á skipan daga og nætur. Það varð nótt og það varð morgunn, hinn annar dagur. Verði ljós er því gríðarlega máttug yfirlýsing. Svo kom hin önnur sköpun og þá sagði sá Lausnari, sem við trúum á, ég er Ljós heimsins. Ég er þetta ljós, segir hann.

Hvern morgun brýst ljósið upp á austurhiminn og lýsir daga okkar. Lýsir lífið. Það er ljós sem kalla má upprisu sólar í austri. Og Jesús kom á Olúfjallið og þar er núna að finna úttalari með steinsætum í hálfboga um steinaltari. Það er altari úr steini því þá verður það ekki hrært. Þarna er hægt að sitja og syngja sig inni upprisu sólar í austri. Einstakur staður í Palestínuhluta Jerúsalem og skammt frá

Musterishæðinni í hinni helgu borg. Núna er allt að ógna friði við þessa möggnuðu staði upprisu sólarinnar. Staði sem ljósið á himinum vill fá að gefa reglu. Morgunsólin hefur séð marga dimma morgna hjá mannkyninu. En þá þurfum við að muna að þetta er ein og sama sólin. Hún er ein sól fyrir alla. Eða ættum við kannski að segja ein sól fyrir einn morgun, eina birtu, eitt mannkyn, einn kærleika. Það er svo einfalt að segja þetta en það er líka einföld setning þegar Guð segir: Verði ljós. Verði eitt ljós og ein regla, ein skikkan fyrir eina jörð og einn himin.

Grindvíkingurinn

Við erum ekki Grindvíkingar eða Keflvíkingar, Eyjamenn eða Akureyringar. Við erum öll einn Grindvíkingur þessar vikurnar ef út í það er farið. Við eigum að geta sett okkur í þessi spor ef við getum verið eitt með öðrum. Þetta er sami hugurinn og sama sálin sem vakin hefur verið með upprisunni og þar með sigri kærleikans í okkur öllum og saman, þessum eina kærleika sem sagði ég er Ljós heimsins. Gefi hann okkur bjarta tíð og ríka von um gleði og frið. ✨

← ÆKR Kristján Björnsson

↓ Sólin rís í austri yfir Vík.

Ljósmynd: Jón Páll Valdimarsson.

Ljósmynd: Guiseppe Milo.



DREGIÐ
23. DES

MILLJÓLA LEIKURINN

23 spilarar vinna heila milljón hver

Milljólaleikurinn er hafinn og á þorlaxsmessu drögum við út 23 heppna spilara sem fá heila milljón hver. Áskrifendur komast í pottinn í hverri viku ásamt öllum þeim sem kaupa 10 raðir eða meira í Lottó, Vikinglotto eða EuroJackpot til og með 23. desember. Vertu með!
Nánar á lotto.is

EURO
JACKPOT

viking
lotto



GJAFMILDI

Frímúrarar eru gæðablóð

Höfundur: Stefán Einar Stefánsson

Ljósmyndir: Jón Svavarsson

Það var glatt á hjalla á Snorrabraut 60 í upphafi októbermánaðar þegar nokkrir bræður úr Frímúrarareglunni komu saman í Blóðbankanum til þess að leggja þar inn á hina góðu reikninga sem þar eru varðveittir.

Var bræðrum stefnt á vettvang undir slagorðinu Bræðravika Blóðbankans og var ætlað að hvetja sem flesta til þess að leggja starfi hans lið. Vitað er að í hópi frímúrarabæðra leynast margir blóðgjafar og á hverju ári bætist í þann ágæta flokk sem tryggir að nægar blóðbirgðir séu til í landinu á hverjum tíma, jafnt til þess að mæta þörf þeirra sem verða fyrir slysum en einnig þess stóra fjölda fólks sem vegna ýmiskonar veikinda þurfa að stóla á starfsemi Blóðbankans.

Bróðir innan Blóðabankans

Meðal þeirra bræðra sem mættu til leiks að þessu sinni var Reynir Arngrímsson í stúkunni Fjölni. Þar voru heimatókin hæg enda er hann læknir, sérmenntaður í erfðalækningum og með aðsetur á skrifstofum Blóðbankans. Hann hefur raunar fjallað um starfsemi stofnunarinnar á vettvangi Reglunnar, nú síðast í erindi á vettvangi fyrrnefndrar stúku.

„Á Íslandi eru á bilinu 6000 til 8000 virkir blóðgjafar á hverjum tíma,“ útskýrir hann og segir að þessi hópur standi undir u.þ.b. tólf þúsund blóðgjöfum á ári eða 250 slíkum í viku hverri.



↑ Ólafur Helgi hefur gefið yfir 100 lítra af blóði í gegnum tíðina.

„Með blóðgjöf er fólk að færa dýrmæta gjöf og getur hreinlega bjargað mannlífi á tiltölulega einfaldan hátt. Flest heilsuhraust fólk á aldrinum 18-65 ára getur gerst blóðgjafi og virkir gjafar geta gefið allt til 70 ára aldurs. Í hvert sinn eru teknir 450 millilítur af blóði og heimsóknin tekur um 30 mínútur. Karlar geta gefið á þriggja mánaða fresti og konur á fjögurra mánaða fresti,“ segir Reynir.

Hann bendir á að mest allt það blóð sem gefið er til bankans fari til sjúklinga með krabbamein, skurðsjúklinga og þeirra sem orðið hafa fyrir slysi eða bruna. Þá framleiði



↑ Bræðurnir lágu flestir kylliflatir meðan á blóðgjöfinni stóð en það sést á svip þeirra að sælla er að gefa en þiggja.



↑ Ólafur Helgi og Jón Svavarsson hafa gefið meira blóð en flestir aðrir.



↑ Sigurður Már Guðjónsson í Bernhöftsbakaríi lagði verkefninu til forlata tertu.



↑ Bræður gæða sér á tertu eftir blóðgjöf dagsins og hækka blóðsykurinn um leið.

Blóðbankinn einnig blóðskiptablóð til notkunar fyrir nýbura.

„Það blóð er ekki til á lager en er framleitt að beiðni lækna vökudeildar hverju sinni,“ segir Reynir.

Hann segir það mjög í anda reglustarfsins að bræður leggi sitt af mörkum með blóðgjöf, eigi þeir þess kost. Í erindinu sem Reynir flutti hjá Fjölni rifjaði hann upp skrif sr. Hálfðans Helgasonar frá árinu 1938 þar sem brýnt var fyrir bræðrum að þeir auðsýndu „fátækum og bágstöddum miskunnsemi, vitja sjúkra og hjúkra þeim, að hugga hrædda og hughreysta þá, að hjálpa ekkjum og annast munaðarlaus börn, að áminna og aðvara þá sem hrasa eða eru í hættu eða vanda staddir og að vinna að því að bjarga bágstöddum.“ Þá hnykkti hann út með því að áréttu að fullveðja menn hafi skyldum að gegna gagnvart þjóðfélaginu en Blóðbankinn er ein af grundvallarstofnunum heilbrigðiskerfisins og þeirrar velferðar sem við búum við á Íslandi.

400 gjafir samtals

Þegar bræðrahópurinn kom saman varð fljótt ljóst hverjir í hópnum hefðu lagt drýgstan hluta til söfnunar á vettvangi Blóðbankans. Það reyndust vera þeir Ólafur Helgi Kjartansson, í stúkunni Lilju og Jón Svavarsson í stúkunni Mími. Sá fyrrnefndi hefur gefið hvorki meira né minna en 226 sinnum og Jón í 174 skipti. Komast langfæstir blóðgjafar í hálfkvísti við þessa menn sem samanlagt hafa gefið 180 lítra af blóði til íslenska heilbrigðiskerfisins.

Þeir félagar eiga það einnig sameiginlegt að hafa gegnt formennsku í Blóðgjafafélagi Íslands, en það stuðlar að aukinni þekkingu almennings á starfsemi Blóðbankans og þeirri mikilvægu þýðingu sem hún hefur fyrir samfélagið.

„Ég var formaður félagsins í tíu ár og það var athyglisvert því félagið hafði enga tekjustofna. Við leituðum til fjárlaganefndar og stundum gekk betur en annars. Einnig studdi Frímúrarareglan við félagið með fjárframlögum og öll aðstoð var vel þegin,“ útskýrir Ólafur Helgi. Þetta var í upphafi nýrrar aldar en samfylgd hans og Blóðabankans hófst þó miklu fyrr.

„Ég gaf fyrst blóð 10. mars 1972 en þá fékkst leyfi úr Menntaskólanum í Reykjavík til þess að fara í Blóðbankann við Barónsstíg. Það freistaði að fá „lögmætt“ frí, svo svo var vilji til þess að láta gott af sér leiða einnig fyrir hendi,“ segir Ólafur Helgi.

Drýgsta jólagjöfin

Hann nefnir að faðir sinn hafi lengi gefið blóð og að hann hafi langað til að feta sömu slóð. Það hafi einnig haft mikil áhrif á hann að síðar gengust báðir foreldrar hans undir stóra bakskurði og þá hét hann því að hann myndi gefa blóð svo lengi sem hann mætti og gæti lagt starfinu lið.

Ólafur Helgi bjó í tæpa tvo áratugi á Ísafirði og segir hann að það hafi ekki haft mikil áhrif á blóðgjöfina. Hann hafi gefið nær undantekningalaust fjórum sinnum á ári. Stundum hafi þetta þó kallað á útsjónarsemi og útgjöld.

„Eitt sinn hét ég á Blóðbankann örstuttu fyrir jól. Það áheit rættist og skyldi efna. Á Þorláksmessu það árið flaug ég suður og flugvélin lenti á Reykjavíkurflugvelli um klukkan tólf, þá var hoppað beint upp í leigubíl og haldið í Blóðbankann. Að lokinni blóðgjöf var annar tekinn á flugvöllinn og farið út í flugvél korter fyrir eitt. Flugfreyjan rak upp stór augu. „Þú hér aftur“. Það var ekki undarlegt því að ferðin til og frá flugvelli í og frá Blóðbanka tók um það bil 45 mínútur með blóðgjöf. Þessi var drýgsta jólagjöfin það árið, enda ekki ódýrt að fljúga.“

Hvatning frá vinnufélögum

Jón Svavarsson hóf blóðgjöf um svipað leyti og Ólafur Helgi eða árið 1974. Hann segir að það hafi verið fyrir áeggjan vinnufélaga.

„Ég hóf blóðgjöf að hvatningu vinnufélaga minna hjá Landssíma Íslands, Ritsímaverkstæðinu, er þeir tóku mig með í fyrstu blóðgjöfina. Síðan þá hef ég lagt mig fram um að gefa blóð á þriggja mánaða fresti, að undanskildum hléum vegna ferðar til Afríku, smá aðgerða og þess háttar, sem getur

komið upp á og nauðsynlegt er vegna hugsanlegra smita eða að líkaminn jafni sig.“

Hann segir að þegar hann tók að venja komur sínar í bankann hafi hann gjarnan rætt við Ólaf Jenson, yfirlækni stofnunarinnar. Þar hafi hann m.a. nefnt við Ólaf hvort ekki væri rétt að stofna félag um blóðgjafir. Það varð svo árið 1981 sem yfirlæknirinn gekkst fyrir stofnun slíks félags.

Setti sér skýr markmið

Árið 2014 tók Jón við formennsku í félaginu af Ólafi Helga og gegndi henni í sjö ár. Kom það því í hans hlut að halda utan um 40 ára afmæli þess.

„Ég hef haldið því fram að blóðgjöf sé eins og olíuskipti á vél, að það auki endurnýjun á frumum og auki þannig lífslíkur og heilbrigði en það er ekki sannað,“ segir Jón og bendir á að hann hafi sett sér skýr markmið varðandi blóðgjöfina í gegnum tíðina.

„Fyrstu viðurkenningu fyrir blóðgjafir fékk ég á aðalfundi Blóðgjafafélagsins líklega fyrir tuttugu og fimm blóðgjafir. Þá setti ég mér það markmið að verða fyrstur í hundrað blóðgjafar, sem að vísu tókst ekki og ég held samt að ég hafi verið fertugasti og sjöundi að komast í hundrað blóðgjafir, þeir sem hafa náð því eru gjarnan kallaðir „Hundraðshöfðingjar“. ✨



↑ Það var greinilega af nógu að taka hjá Ásgeiri Ásgeirssyni að lokinni blóðgjöf.



HELGAFELL

F A S T E I G N A S A L A

Núna eru allir hjá
Helgafell fasteignasölu
löggiltir fasteignasalar.
..það skiptir máli!



frítt söluerðmat



REIÐHJÓLAKLÚBBURINN SLEIPNIR

Hjólað út í eitt

Höfundur: Stefán Bogi Sveinsson

Ljósmyndir: Reiðhjólaklúbburinn Sleipnir og Jón Svavarsson

↑ Frímúrarabróðir á ferð um malarlóðana við Skorradalsvatn.

Maður er manns gaman. Þessi gömlu sannindi eiga sannarlega vel við starfið innan Frímúrarareglunnar, enda félags-skapurinn góður og innan Reglunnar eru hnýtt vinabönd sem enst geta ævina á enda. Auk hins formlega starfs í stúkum Reglunnar eru einnig starfandi nokkrir klúbbar í tengslum við hana, utan um ýmis áhugamál bræðranna og í einhverjum tilfellum einnig systranna.

Slíkir klúbbar heyra ekki undir Frímúrararegluna á Íslandi með beinum hætti, en starfa á ábyrgð þeirra bræðra sem veita þeim forstöðu og með leyfi frá Reglunni.

Frímúrarinn ákvað að heyra hljóðið í formanni eins þeirra og spyrja tíðinda úr starfinu.

stað, jafnvel með óvana hjólreiðamenn, í hálfu eða snjó. Þess vegna höldum við okkur við sumartímann. Eina krafan sem við gerum síðan til þeirra sem mæta er að þeir eigi nothæft hjól og séu komnir til að skemmta sér.

Í raun er þetta fyrir alla bræður og systurnar líka. Þær hafa mætt nokkrar með mönnum sínum og eru sannarlega velkomnar. Þetta hefur líka verið nokkuð breitt aldursbil hjá okkur. Sá elsti sem hjólaði með okkur í sumar er farinn að nálgast áttætt. Hann kom með okkur í flestallar ferðir á rafmagnshjól og það er bara hið besta mál.“

En hleypur enginn æsingur í mannskapinn þegar farið er af stað?

„Nei, við förum rólega. Það eru reyndar nokkrir gamlir keppnismenn í hópnum en þeir eru flestir hættir því og nú er markmiðið að njóta samverunnar. Það er þá bara helst að menn séu að keppa við sjálfan sig og bæta úthaldið. Fara aðeins hraðar í brekkurnar en fyrir hálfum mánuði.

Við erum yfirleitt að hjóla í um það bil klukkutíma, eða kannski einn og hálfan, og förum þá 30 km eða svo. Við höfum svo reynt að vera aðeins til skiptis á malbiki eða þá á einhverjum grófari stígum sem henta fyrir fjallahjól.

Við förum síðan í eina aðeins lengri ferð. Það var fyrsta laugardag í júlí og þá var hjólað í kringum Skorradalsvatn. Það var mjög vel mætt í þá ferð, hátt í 20 manns sem komu. Það var mjög skemmtilegt. Það kom í ljós að það eiga mjög margir bræður sumarbústað við Skorradalsvatn og við fengum heimboð í nánast annan hvern bústað við vatnið. Ef við hefðum þegið þau öll hefðum við verið býsna lengi að klára hringinn svo við létum nægja að koma við hjá tveimur bræðrum.“

Reynir segir að starf klúbbsins muni verða með líku sniði næsta sumar og hvetur bræður og systur til að slást í hópinn.

„Fyrir utan Skorradalinn höfum við verið að hjóla leiðir hér á höfuðborgarsvæðinu sem ættu að henta flestum. Við miðlum upplýsingum um dagskrána, leið hvers dags og upphafsstaðinn, í gegnum Facebook-hóp sem við höldum úti. Það er nóg pláss og allir velkomnir með okkur.“ ✨



↑ Hópur bræðra leggur af stað í hóphjól frá Regluheimilinu.

„Markmiðið fyrst og fremst að sigrast á sjálfum sér“

Reiðhjólaklúbburinn Sleipnir var formlega stofnaður síðla árs 2022, en stofnun hans átti sér þó lengri aðdraganda.

„Við vorum byrjaðir að hittast nokkrir, fyrir COVID, og komnir áleiðis með að stofna þetta áður en faraldurinn og fleira setti strik í reikninginn,“ segir Reynir Magnússon, formaður klúbbsins.

Aðspurður segir hann markmiðið með starfinu fyrst og fremst að auka útivist bræðranna.

„Við förum í hjólatúr annan hvern þriðjudag yfir sumarið, frá maí og fram í ágúst eða september. Við viljum hjóla við góðar aðstæður því það er ábyrgðarhluti að fara af



FERÐALÖG

300 ára gömul stjórnarskrá frímúrara

Höfundur: Reynir Sigurðsson
Ljósmyndir: Māris Ozols og Reynir Sigurðsson

↑ Stærðfræðingabruin í Cambridge er magnað mannvirki.

Dagana 22.-24. september var haldin frímúrararárðstefna í Cambridge á Englandi. Var hún á vegum Quatuor Coronati, sem er aðalstúka frímúrararannsóknna á Englandi. Þangað lögðu leið sína nokkrir Snorrabræður en rástefnuna sóttu yfir 160 fulltrúar alls staðar að úr heiminum, meðal annars frá Bandaríkjunum og Rómönsku Ameríku, sem og frá ystu mörkum Evrópu.

Tilgangur ráðstefnunnar í Cambridge var að setja útgáfu Anderson-stjórnarskrárinnar frá 1723 í samtímasamhengi og kanna og ræða hvernig hugmyndir upplýsingarinnar á síðum hennar voru breiddar út og hvernig þær þróuðust bæði í Englandi og í hinum ýmsu samfélögum frímúrara sem komið höfðu fram á sjónarsviðið, bæði í Evrópu og Ameríku.

Íslandsvinur

Ráðstefnan var haldin í Queens College sem er hluti af hinum heimspekkta Cambridge-háskóla og gistu flestir ráðstefnugestir þar á stúdentagörðum. Ráðstefnustjóri var Dr. Ric Berman, fyrrverandi stólmeistari Quatuor Coronati og íslenskum frímúrarabræðrum kunnur. Hann hefur komið til Íslands og haldið fyrirlestra.

Áður en komið var til Cambridge og sem upphitun fyrir ráðstefnuna, byrjuðu nokkrir bræður og systur ferðina í London á menningarveislu í leikhúsum borgarinnar. Þaðan lá leiðin til York þar sem hið fræga víkingasafn Jorvik var skoðað. Í Jorvík bjuggu víkingar og vorum við ekki frá því að brúðurnar á safninu hafi talað til okkar á íslensku. Eftir York var svo haldið til Cambridge.

hversu margar konur eru fræðimenn á þessu sviði. Þar má helst nefna prófessor Cécile Révauger, sem er frönsk og er sagnfræðingur við háskólann í Bordeaux og meðlimur í Grande Loge féminine de France. Hún kynnti grein um frímúrarastarf kvenna í Frakklandi á átjándu öld og arfleifð þess. Cécile fór með okkur í ferðalag frá Frakklandi átjándu aldar til tuttugustu og fyrstu aldar.

Það var athyglisvert að margir fyrirlestrar tengdu saman frímúrarastarf á fyrri öldum við upplýsingaröldina, sem var tímabil mikilla breytinga í Evrópu og Bandaríkjunum í vísindalegum vinnubrögðum og hugsun. Er hún talin hafa hafist seint á 17. öld í kjölfar vísindabyltingarinnar á síðmiðöldum. Upplýsingin stóð í um eina öld, eða til ársins 1800, en eftir hana tók rómantíkin við. Það má segja að sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna frá 1776 og franska byltingin árið 1789 og í kjölfarið þróun lýðræðishefðar Vesturlanda séu bein eða óbein afleiðing þeirrar hugmyndastefnu sem upplýsingin markaði. Margt bendir til þess að frímúrarar og regla þeirra hafi haft bein áhrif á þessa þróun með ýmsum hætti.

Stólmeistari Snorra í pallborði


Síðasti viðburðurinn á fyrsta degi ráðstefnunnar var pallborð með fjórum fyrirlesurum frá Norðurlöndum – Leif Endre Grutle, Andreas Önnersfors, Niels Arne Dam og Hauki Óskarsyni, stólmeistara stúkunnar Snorra – sem hver og einn talaði um mismunandi hliðar norræns frímúrararstarfs og sænska kerfisins. Haukur flutti fyrirlestur um þróun frímúrararstarfs á Íslandi á viðsjárverðum tímum í sögu Íslendinga, allt þar til sjálfstæð frímúrararegla var stofnuð hér á landi árið 1951.

Á laugardagskvöldinu tóku fulltrúar sér hlé frá frímúrararannsóknnum og komu saman til móttöku í gamalli miðaldahöll í Queens College ásamt formlegum galakvöldverði í Cripps Hall. Heiðursgestur var varastórmeistari Stórstúkunnar í Englandi, Sir David Wooton.

Á göngu íslensku bræðranna frá fordrykk að kvöldverði gengu þeir yfir hina sérstæðu stærðfræðibru, (e. Mathematical Bridge) sem er viðargöngubru yfir ána Cam sem tengir tvo hluta Queens College saman. Brúin var hönnuð af William Etheridge og byggð af James Essex árið 1749. Hún hefur verið endurbyggð í tvígang, 1866 og 1905, en hefur haldið sömu heildarhönnun. Þessi brú er nokkuð merkileg að því leyti því þó hún virðist vera bogi, þá er hún eingöngu samsett úr beinu timbri byggt eftir óvenjulega háþróaðri verkfræðihönnun, sem útskýrir nafnið.

Kom Newton að byggingunni?

Vinsæl saga er sú að brúin hafi verið hönnuð og byggð af Sir Isaac Newton og sett saman án þess að nota rær eða bolta. Ýmsar sögur segja frá því hvernig á einhverjum tímapunkti í fortíðinni reyndu annaðhvort nemendur eða félagar við háskólann að taka brúna í sundur og setja hana saman aftur, en tókst ekki að finna út hvernig ætti að halda byggingunni saman og þurftu að nota rær og bolta til koma brúnni saman



↑ Haukur Óskarsson, stólmeistari Snorra, í pontu á ráðstefnunni.



↑ Þrúðbúnir Íslendingar í móttöku í Queens College.

aftur. Þetta er hins vegar ekki satt því þegar hún var fyrst byggð voru járnteinar reknir inn í samskeytin utan frá, þar sem þeir sáu ekki innan úr röndunum, sem skýrir hvers vegna boltar voru taldir vera viðbót við upprunalegu brúna. Einnig að Newton gæti ekki hafa tekið beinan þátt þar sem að hann dó árið 1727, tuttugu og tveimur árum áður en brúin var smíðuð.

Sögusvið merkra atburða

Rástefnu var slitið á sunnudeginum og það voru ánægðir bræður og systur sem héldu heim á leið eftir ánægjulega daga í Cambridge. Það er ákaflega merkilegt að koma á þennan sögufræga stað sem hefur verið sögusvið í mörgum kvikmyndum sem og ýmsir merkisatburðir hafa gerst, m.a. fundir Breta og Bandaríkjamanna á stríðsárunum þar sem þeir unnu að áætlunum um innrásardaginn, D-daginn svokallaða 6. júní 1944 þegar gagnsókn Bandamanna hófst gegn Þriðja ríki Hitlers. ✨

Grundvallarskipanin 1723

Höfundur: Jóhann Heiðar Jóhannsson

Árið 1717 stofnuðu fjórar starfandi frímúrarastúkur í London og Westminster (þá lítið þorp, en nú hverfi í stórborginni London) svonefnda Stórstúku (Grand Lodge)¹. Aðalmarkmiðið var án efa að koma á góðu samstarfi milli þessara aðskildu stúkna, svo sem með sameiginlegum fjórðungsfundum (quarterly Communication) og einni sameiginlegri hátíðarsamkomu á hverju ári, svonefndri stórhátíð (Grand-Assembly), en vafalítið hefur einnig fljótt verið stefnt að því markmiði að sameina frímúrarastúkurnar á Englandi undir einni stórstúku, sem tókst þó ekki fyrr en tæpum 100 árum síðar².

Grundvallarskipan fyrir þessa merku stórstúku var sett saman og gefin út í sérstakri bók árið 1723, þannig að á árinu 2023 er haldið upp á 300 ára afmæli hennar. Höfundur (eða líklega öllu fremur ritstjóri) hennar var Dr. James Anderson, skoskur prestur og frímúrari sem bjó og starfaði í London á þeim tíma³. Mjög margt forvitnilegt og fróðlegt er að finna í bókinni, en aðalkaflarnir eru þrír, saga frímúrunar, skyldur frímúrarar og reglur stórstúkunnar.

Reglurnar

Reglur um starfsemi stórstúkunnar voru teknar saman árið 1720 af þáverandi stórmeistara hennar, Hr. George Payne. Þær voru síðan samþykktar af fulltrúum stúknanna á sameiginlegum fundi stórstúkunnar á fundi í London árið 1721. Margt fróðlegt og skemmtilegt er þar að finna. Fram kom meðal annars að stórstúkuna mynduðu (stór-)meistarar og (stór-)verðir allra stúknanna sem á skrá væru hjá henni og að á fyrirnefnda fundi stórstúkunnar skyldu allar stúkurnar senda þessa fulltrúa sína. Þar mætti leggja fram til umræðu öll málefni sem vörðuðu bræðralagið almennt eða einstakar stúkur og jafnvel einstaka bræður, en að öll slík mál skyldi ræða og afgreiða „kyrrlátlega, stillilega og á þroskaðan hátt“. Á hverri stórhátíð skyldi stórmeistari kjörinn til eins árs í senn, en að starfandi eða fyrrverandi stórmeistara mætti þó endurkjósa. Hann skyldi heimsækja allar stúkurnar í borginni með varameistara sínum og stórvörðum, að

minnsta kosti einu sinni á meistaratíma sínum. Allar stúkurnar skyldu starfa eftir sömu siðum, en nánast ekkert er þó fjallað um þær siðareglur sem þar virðist vísað til. Fram kemur þó að nýir bræður mættu ekki vera yngri en 25 ára og að ekki mætti taka inn fleiri bræður en fimm í einu. Starfsemi stórstúkunnar er hins vegar nokkuð nákvæmlega lýst í reglunum og til dæmis tilgreint hvernig undirbúa skuli og halda stórhátíðina og hvernig standa skuli að söfnun til almennra góðgerða og til aðstoðar við fátæka bræður.

Skyldurnar


Skyldur frímúrarar eru tilgreindar og skráðar býsna nákvæmlega. Rétt er að taka fram að þær eru ekki sérstaklega settar saman vegna stofnunar stórstúkunnar heldur fengnar úr hinum svokölluðu „gömlu handritum“ múraranna sem eru talin rituð á árunum frá 1380-1680. Skyldunum, sem hafa bakgrunn sinn í kristinni trú og góðu siðferði, er lýst á níu blaðsíðum í bókinni og skiptast þær í kafla sem fjalla um skyldurnar við Guð og trúna, við borgaraleg yfirvöld, hærri sem lægri, við stúkurnar, við stúkumeistarana og bræðurna, við störf og starfsemi innan bræðralagsins og loks eru tilgreindar hegðunarskyldur, bæði innan sem utan stúknanna og einnig tilgreindar skyldur við fjölskylduna og eigið heilbrigði, nágrannana og ókunnuga. Tekið er skýrt fram að umræður um trúmál, málefni ríkisins og um stjórnsmál eru bannaðar innan veggja hverrar stúku. Einnig er bent á að gremja og deilur sem varða einkamál eiga ekki erindi inn í stúkusalinn, en að alvarlegt ósætti milli bræðra megi þó leggja fyrir stúkur þeirra eða vísa til stórstúkunnar til úrlausnar.

Sagan

Sú saga frímúrunar sem rakin er í Grundvallarskipaninni frá 1723 er að mestu fengin úr hinum gömlu handritum múraranna og er sérkennileg blanda af þeirra tíma sagnfræði, goðsögnum og bíblíulegri sögu. Sagan er lengsti kafla bókarinnar og er það vafalaust til marks um mikilvægi þess að sýna fram á að hugsjónir og starf frímúrarahreyfingarinnar hvíli á sígildum og traustum, sögulegum grunni á sama hátt og kristin trú og boðskapur hennar hvílir á sögulegum grunni Biblíunnar. Sagan er þannig rakin til upphafs mannkyns og tilnefndar eru ýmsar lykilpersónur í upphafi sögunnar og síðari dreifingu og varðveislu fræðanna, svo sem Adam og synir hans, Nói og synir hans, Salómon konungur og musteri hans, Ágústus keisari og mikilfenglegar

byggingar hans og löngu síðar einnig ýmsir konungar Englands og Skotlands og byggingameistarar þeirra.

Sterkir þræðir í þessari sögu hinnar fornu múraraiðnar felast í byggingarlistinni, rúmfræðinni (geómetríunni) og hinum “hagnýtu” listum, svo sem steinhöggi, múrun, trésmíði, húsgagnasmíði, bólstrun, málun, tjaldgerð og öðrum þeim iðnum sem vinna samkvæmt reglum byggingarlistarinnar og rúmfræðinnar. Í síðari köflum sögunnar er einkum lögð áhersla á að tilgreina þá konunga, aðalsmenn og biskupa sem létu byggingameistara (arkitekta) sína reisa hinar dýrðlegustu byggingar og veita múrurunum atvinnu við þær til að njóta snilligáfu sinnar við iðkun hinna hagnýtu lista. Skráning reglnanna, skyldnanna og sögunnar er sögð gerð til þess „að allir geti séð hin góðu áhrif frímúrunar, eins og allir sannir múrarar hafa gert frá upphafi heimsins og munu gera til endaloka tímans“. Margt sem nefnt er í sögunni er táklegt og þarf að skoða gaumgæfilega til að átta sig á hinni dýpri merkingu.



↑ Grundvallarskipanin sem dr. James Anderson tók saman fyrir 300 árum.

Sýnir staðfestu og innri styrk

Þessi gamla Grundvallarskipan hefur verið undirrituðum sérstakt áhugamál í að minnsta kosti áratug og leitt til margvíslegs grúks í fræðum frímúrarar. Í þessum 300 ára gamla texta má finna mjög margt sem sýnir bæði staðfestu og innri styrk bræðralags frímúrarar um heim allan, en einnig margt sem getur svo sannarlega orðið nútíma frímúrurum persónulega til gagns og gamans og til hvatningar í lífi sínu innan og utan Frímúrarareglunnar. ✨

merking

Til að vekja athygli....



Merking ehf - Viðarhöfða 4, 110 Reykjavík, S: 566 9000, www.merking.is

1 Frímúrarinn 2016, 12. árg., 1. tbl., bls.7-9: Stofnun og fyrstu ár stórstúkunnar í London og Westminster.

2 Frímúrarinn 2016, 12. árg., 2. tbl., bls. 20-23: Stórstúkurnar á Englandi 1717-1813.

3 Frímúrarinn 2015, 11. árg., 2. tbl., bls.35-37: Dr. James Anderson – Hvers vegna var hann valinn til starfans?



VÍGSLA Á NÝJUM SAL

Fullbúin aðstaða hjá Sindrabræðrum

Höfundur: Þorvarður Guðmundsson

Ljósmyndir: Jón Svavarsson

Frá árinu 2004 hafa þriðju gráðu fundir í stúkunni Sindra farið fram í stúkuhúsinu að Ljósatröð í Hafnarfirði. Fram að því fóru þeir fram í Regluheimilinu í Reykjavík. Á þessum fundum hafa jafnan verið teknir upp tveir bræður til að koma öllum að innan starfsársins.

Umræðan um að koma upp þriðju gráðu sal í Sindra hefur lengi verið í farvatninu. Það var á fundi bygginga- nefndar Sindra þann 28. nóvember 2016 sem ákvörðun var tekin að fengnum tillögum frá bróður Steinari Geirdal um hönnun á neðri hæð stúkuhússins á Bakkastíg. Þáverandi stólmeistari stúkunnar, Arngrímur Guðmundsson leitaði til Reglunnar um leyfi til framkvæmdanna. Reglan tók vel í þessa málaleitan Arngríms og hefur stutt stúkuna með ráðum og dáð í hverju skrefi síðan. Bróðir Aðalsteinn Júlíusson byggingatæknifræðingur tók svo að sér hönnun salarins þegar Steinar Geirdal gat ekki sinnt þessu lengur vegna heilsuþrengingar. Að lokum tók bróðir Þorvarður Lárus Björgvinsson arkitekt að sér hönnun og eftirlit með framkvæmdunum undir styrki stjórn Guðmundar Guðmundssonar, oddvita Stúkuráðs.

Gerður var nýr inngangur að stúkuhúsinu sem nýttist við móttöku nýrra bræðra sem og til að koma beint að hinum nýja sal.

Samvinnan lykilatriði

Framkvæmd af þessu tagi byggist fyrst og síðast á samvinnu milli ólíkra ráða og nefnda, bræðra sem hver um sig hefur sína sýn og kunnáttu. Þetta allt þarf að slípa saman til að allt gangi upp og verði farsælt. Þessi samvinna hefur verið ánægjuleg, lærdómsrík og gefandi. Þegar litið er yfir farinn veg er hægt að fullyrða með hreinni samvisku að öll samskipti, samvinna og framkvæmd hafi verið unnin af sönnum bróðurhug með sameiginlegt markmið í fyrirrími. Ekkert hefur orðið til þess að mönnum verði sundurorða eða að ágreiningi.

Það eru mörg handtökin sem þarf að vinna frá því að rými sem nýtt var sem geymslur var hreinsað og farið var að móta hugmyndina sem svo varð að veruleika fyrir tilstilli samhents hóps bræðra sem bæði unnu mikið við framkvæmdina eða lögðu henni lið að öðru leyti. Fyrirverandi stólmeistari stúkunnar, Arngrímur Guðmundsson leiddi starfið af metnaði frá upphafi og nýtti úrræðasemi sína og fagþekkingu í hverju skrefi. Við stólmeistaraskiptin í lok febrúar á þessu ári tók hann að sér að leiða starfið til enda fyrir hönd hins nýja stólmeistara Sindra.

Ómetanlegt framlag

Það verður trúlega ekki á neinn hallað að nefndir séu sérstaklega tveir bræður sem voru flestum stundum við



← SMR Kristján Þórðarson klippir á borða við nýjan þriðju gráðu sal.

↑ Embættismenn Sindra. Frá vinstri: Guðbergur Reynisson, Jóhann S. Kristbergsson, Baldur Þ. Guðmundsson, Hermann Jakobsson, Þorvarður Guðmundsson, Kristján E. Möller, Halldór Heiðar Agnarsson, Ívar Valbergsson, Herbert Eyjólfsson og Viðar Einarsson.

vinnu í og við nýja salinn. Þeir fóru ófáar ferðirnar til að skoða þriðju gráðu salinn í Reykjavík til að berja augum það sem ekki lágu fyrir skriflegar upplýsingar um. Þegar upp komu hindranir hafa þessir bræður nýtt kunnáttu sína og þekkingu auk tengslanets til að ryðja öllum hindrunum úr vegi. Þetta eru þeir Óskar Bjarnason og Theódór Guðbergsson sem sýndu ómælda fórnfýsi og vinnusemi. Þá smíðaði Björn Samúelsson innanstokksmuni fyrir salinn í bílskúr sínum af mikilli natni og metnaði. Þá sá bróðir Magni Sverrir Sigurhansson um allt það sem þurfti að sauma og hanna úr taui í salinn. Valþór Söring hannaði lýsingu og lagði rafmagn ásamt Guðmundi Albertssyni. Sverrir Gunnarsson sprautaði innanstokksmuni og Kristmundur Carter málaði salinn. Þá hannaði Sævar Jónsson, varameisteri Akurs, loftræstinguna og fleira sem krafðist mikillar útsjónarsemi. Stefán Bjarnason smíðaði allar þær hurðir sem prýða aðkomuna að þessum sal. Þá lagði Rúnar Helgason vatns- og skolplagnir auk brunakerfis. Sérfræðikunnátta Fjölnisbróðurins Harðar Lárusson kom stúkunni til góða og verður öllum þessum bræðrum seint fullþakkað fyrir þeirra miklu og fórnfýsu störf.

Mikil eftirvænting í hópnum

Auk þessara bræðra hafa ófáir bræður lagt fram ómælda vinnu við smíði, flutninga, þrif og stuðning í öðru formi. Allir þessir bræður hafa gefið vinnu sína og jafnvel fjármuni til verkefnisins. Fyrir allt þetta og miklu meira sem þessir bræður hafa lagt af mörkum verður seint að fullu þakkað fyrir.



↑ Guðmundur R.J. Guðmundsson mundar vélinu í átt að Snorra Magnússyni, Reyni Sigurðssyni og Einar Bjarnald Jónsson.



↑ Björn Samúelsson og Hermann F. Ólason.



↑ Kristinn Guðmundsson og Albert L. Albertsson.

Fræðin á nýju formi

Höfundur: Stefán E. Stefánsson

Ljósmyndir: Guðmundur Skúli Viðarsson

Það var glatt á hjalla á bókasafni Frímúrarareglunnar í Reykjavík þann 27. september síðastliðinn. Þar var samankominn hópur bræðra ásamt Kristjáni Þórðarsyni stórmeistara Reglunnar og tilefnið ærið.

Þar voru afhentar hljóðbækur sem hafa að geyma tiltekna bækur úr fræðum frímúrarara sem tengjast fyrstu þremur stigum reglukefnisins. Stórmeistari var fyrsti hlustandi efnisins á bókasafninu og markar notkun þeirra talsverð tímamót í starfinu.

Verkinu ýtt úr vör

Guðmundur Kr. Tómasson, yfirarkitekt Reglunnar og formaður fræðaráðs ýtti undirbúningi að verkefninu úr vör í lok árs 2021 og markmiðið var að hans sögn að auka aðgengi bræðrahópsins að fræðaeefni því sem starfið byggir á.

„Bræður höfðu spurst fyrir með formlegum hætti hvort Reglan gæti boðið upp á tiltekið stígbundið efni á hljóðbókum samhliða hefðbundinni prentaðri útgáfu fræðsluefnis. Ákveðið var að ráðast í afmarkað átaksverkefni um útgáfu rafræðnaða bókanna,” segir Guðmundur aðspurður.

Skipaður var starfshópur um undirbúning og framkvæmd útgáfu hljóðbókanna. Formaður var skipaður Jónas Fr. Jónsson en ásamt honum þeir Steingrímur B. Gunnarsson, Trausti Laufdal Jónsson, Sigmundur Örn Arngrímsson og Valgeir Ólafsson. Meðan á starfinu stóð bættist Friðrik G. Sturluson í hópinn en Trausti fékk lausn frá starfi hópsins samhliða því.

Jónas segir að verkefnið hafi verið afmarkað við útgáfu hljóðbókanna fyrir fyrstu þrjú stig reglukefnisins.

„Okkur var ljóst að hér var um fyrstu útgáfu slíkra bókanna á stafrænu formi innan Reglunnar að ræða og, eftir því sem næst verður komist, einnig á Norðurlöndum. Það þurfti að huga að mörgum atriðum, ekki síst tæknilegum en einnig hvernig aðgengi og umgengni að þessu stígbundna efni yrði háttáð,” segir Jónas.

Að mörgu skal hyggja

Fólst vinnan meðal annars í því að meta hvernig best væri að standa að upptöku og vinnslu hljóðbókanna. Var þar horft til umfangs lesmáls og lestíma,

hverjir væru vel til þess fallnir að taka að sér lesturinn en einnig hvort í bræðrahópnum væri þekking til þess að sinna upptökunni og hljóðvinnslunni.

Þá varð einnig að taka afstöðu til þess hvernig afrakstur þessarar vinnu yrði varðveittur, jafnt frumeintök og ekki síður þau eintök sem hugsuð yrðu til almennrar notkunar innan Reglunnar.

„Í þessu sambandi þurftum við að skoða gaumgæfilega hvers konar miðlar kæmu til greina, hvar eintökin yrðu varðveitt, hvernig öryggi og aðgangsstýringu yrði háttáð og hvaða annan búnað þyrfti til að verkefnið myndi skila tilætluðu markmiði,” bætir Jónas við.

Eitt var það að finna leiðir til framleiðslu efnisins en annað að móta hugmyndir um það hvernig hoga mætti útlánum hljóðbókanna sem geyma stígbundið efni. Féll það einnig í hlut starfshópsins.

Leituðu sjónarmiða margra

„Í tengslum við þetta og til viðbótar öðru höfðum við samráð við og leituðum sjónarmiða ýmissa innan Reglunnar, auk þess sem kannað var með óformlegum hætti hvort ráðist hefði verið í svipað eða eins verkefni á öðrum Norðurlöndum,” útskýrir Jónas.

Í október 2022 skilaði hópurinn tillögu að mögulegri framvindu verksins, verk- og kostnaðaráætlun og drögum að



↑ Kristján Þórðarson tekur við fyrstu hljóðbókinni til útláns frá Steingrími B. Gunnarsyni, bókaverði Reglunnar.



↑ Hljóðbókarnefndin. Steingrímur B. Gunnarsson, Friðrik G. Sturluson, Valgeir Ólafsson, Jónas Fr. Jónsson og Sigmundur Örn Arngrímsson.

reglum er lúta að vistun, aðgengi og notkun hljóðbókanna.

Í lok árs fékk hópurinn heimild til að hrinda tillögunum í framkvæmd.

„Í því skyni komum við upp aðstöðu til hljóðritunar í Regluheimilinu og við fengum Jóhann Sigurðarson, leikara og bróður í stúkunnni Mími til þess að lesa inn texta viðkomandi bókanna. Í kjölfar upplestursins sá Friðrik G. Sturluson um hljóðvinnslu efnisins og að útbúa það til afhendingar fyrir geymslu- og notendamiðla,” segir Jónas.

Réttur búnaður

Meðal þess sem hópurinn skoðaði var hvers konar spjaldtölvur eða spilarar myndu henta best til útgáfunnar og

notkunar í kjölfar hennar. Varð úr að keyptir voru svokallaðir Mechen MP3 spilarar. Sex eintök af þeim eru nú til reiðu á bókasafni Regluheimilisins í Reykjavík. Aðgangur að þeim er hins vegar mismunandi eftir stigi hvers bróður fyrir sig.

Starfshópurinn, sem skilað hefur glæsilegu verki hefur einnig tekið saman leiðbeiningar um notkun hljóðbókanna sem mun auka á notkunarmöguleika þeirra. Er þess vænst að hljóðbækurnar nýtist ekki aðeins þeim sem af einhverjum ástæðum eiga erfitt með lestur, heldur einnig þeim sem kjósa fremur að fræðast í gegnum hið talaða mál en hið ritaða. Þannig mætir Reglan bræðrahópnum með eins opnum örmum og frekast er unnt.

Nú geta bræður því sótt í viskubrunna Reglunnar með nýjum hætti með heimsókn á bókasafnið. Þar er nú upplesið efni sem telur 8 klukkustundir og 45 mínútur og ætti það að endast í nokkrar góðar lestrarstundir á safninu.

Næstu mánuði og misseri verður lagt mat á hvernig til hefur tekist og í framhaldi af því ákveðið hvort og með hvaða hætti staðið verður að frekari útgáfu hljóðbókanna. Þar liggur nærtækast við að horfa til bókasafna utan Regluheimilisins ef þau hafa hug á fá hljóðbækur til afnota. ✨

Bókasafnið í regluheimilinu er opið sem hér segir

Mánudaga til miðvikudaga
Sunnudaga

17:00 – 18:30
10:00 – 11:30



↑ Jóhann Sigurðarson, leikari og Mímisbróðir las bækurnar upp.



In Memoriam

LÁTNIÐ BRÆÐUR FRÁ 27.10.2022 TIL 25.10.2023

Andrés Friðrik Guðni Andrésón X°
* 7.1.1940 † 03.08.2023 ☐ Mímir

Anton Sigurðsson III°
* 17.12.1955 † 19.01.2023 ☐ Gimli

Ari Guðmundur Þórðarson X°
* 26.10.1929 † 31.05.2023 ☐ Gimli

Axel Kristján Axelsson VI°
* 23.6.1962 † 29.07.2023 ☐ Hamar

Árni Filippusson IV-V°
* 29.7.1932 † 15.02.2023 ☐ Edda

Ásgeir Hálfán Valhjálmsson X°
* 16.6.1927 † 21.09.2023 ☐ Mímir

Benedikt Björn Jónmundsson X°
* 5.8.1944 † 02.01.2023 ☐ Akur

Benedikt Rúnar Benediktsson X°
* 13.7.1948 † 10.10.2023 ☐ Sindri

Bjarni Björnsson X°
* 30.1.1938 † 17.01.2023 ☐ Hamar

Björgvin Magnús Óskarsson VIII°
* 7.10.1937 † 08.04.2023 ☐ Edda

Bogi Arnar Finnbogason X°
* 10.12.1934 † 06.01.2023 ☐ Gimli

Eggert Eggertsson X°
* 29.8.1938 † 04.11.2022 ☐ Rún

Erling Einarsson IX°
* 7.8.1938 † 24.01.2023 ☐ Rún

Friðþjófur Sigurðsson X°
* 20.7.1924 † 15.01.2023 ☐ Hamar

Garðar Emanuel Cortes III°
* 24.9.1940 † 14.05.2023 ☐ Gimli

Guðjón Engilbertsson X°
* 12.2.1955 † 15.08.2023 ☐ Akur

Guðmundur Rúnar Einarsson IX°
* 3.4.1936 † 10.03.2023 ☐ Röðull

Guðni Jónsson X°
* 14.6.1936 † 04.10.2023 ☐ Hamar

Gunnar Þórðarson VIII°
* 17.9.1945 † 06.09.2023 ☐ Edda

Gunnar Jón Jónsson X°
* 14.12.1932 † 05.06.2023 ☐ Edda

Gunnlaugur Óskarsson X°
* 28.2.1930 † 02.05.2023 ☐ Gimli

Gylfi Jónsson X°
* 29.11.1936 † 16.01.2023 ☐ Fjölnir

Hafliði S. Sívertsen IV-V°
* 13.12.1961 † 29.12.2022 ☐ Mímir

Hafsteinn Eyjólfsson X°
* 5.3.1934 † 12.09.2023 ☐ Sindri

Halldór Ólafsson X°
* 23.7.1937 † 21.09.2023 ☐ Mímir

Hallur Árnason X°
* 1.5.1948 † 28.03.2023 ☐ Glitnir

Haraldur Eiríksson X°
* 10.1.1940 † 30.04.2023 ☐ Glitnir

Haraldur Jóns Hamar IX°
* 25.8.1935 † 05.01.2023 ☐ Mímir

Haukur Ármannsson X°
* 4.7.1932 † 15.07.2023 ☐ Akur

Helgi Már Reynisson IV-V°
* 26.2.1961 † 17.07.2023 ☐ Hamar

Höskuldur Elíasson VIII°
* 25.6.1930 † 09.08.2023 ☐ Gimli

Ísleifur Pétursson X°
* 4.7.1946 † 01.07.2023 ☐ Gimli

Jens Christian Sörensen X°
* 21.11.1932 † 28.12.2022 ☐ Fjölnir

Jens Magnús Magnússon IV-V°
* 13.7.1964 † 26.12.2022 ☐ Fjölnir

Jóhann Pálsson X°
* 21.7.1931 † 03.03.2023 ☐ Mímir

Jóhann Eyrbekk Sigurðsson VIII°
* 15.10.1928 † 12.02.2023 ☐ Glitnir

Jóhannes Erlendsson IX°
* 23.3.1946 † 17.01.2023 ☐ Mælifell

Jón Guðni Sandholt IX°
* 15.7.1958 † 15.05.2023 ☐ Gimli

Jónas Helgason X°
* 4.5.1948 † 10.01.2023 ☐ Edda

Júlíus Jónsson X°
* 15.3.1933 † 06.10.2023 ☐ Gimli

Karl Ágúst Gunnarsson IX°
* 26.9.1955 † 31.12.2022 ☐ Njála

Karl Harry Sigurðsson X°
* 21.2.1944 † 28.10.2022 ☐ Edda

Kári Tyrfinngsson X°
* 25.6.1933 † 12.09.2023 ☐ Edda

Kjartan Borg X°
* 21.2.1939 † 20.04.2023 ☐ Fjölnir

Kjartan Ólafsson X°
* 8.7.1949 † 18.04.2023 ☐ Glitnir

Kristján Albert Kristjánsson X°
* 12.2.1943 † 11.09.2023 ☐ Edda

Kristján Ingi Helgason VI°
* 14.5.1948 † 27.11.2022 ☐ Sindri

Kristleifur Guðjón Einarsson X°
* 28.2.1932 † 22.02.2023 ☐ Hamar

Magnús Guðbrandsson IX°
* 16.12.1948 † 10.11.2022 ☐ Njörður

Magnús Rósinkranz Jónsson IX°
* 9.9.1936 † 05.03.2023 ☐ Gimli

Már Friðþjófsón X°
* 14.9.1959 † 25.12.2022 ☐ Hlér

Ottó Jørgensen X°
* 11.6.1947 † 03.07.2023 ☐ Sindr

Ólafur Björgvinsson X°
* 9.7.1942 † 14.10.2023 ☐ Glitnir

Ólafur Kristinn Kristjánsson III°
* 10.6.1971 † 08.07.2023 ☐ Akur

Pétur Guðmundsson X°
* 7.2.1942 † 30.08.2023 ☐ Fjölnir

Rúnar Pröstur Magnússon VIII°
* 8.5.1955 † 16.01.2023 ☐ Sindri

Sigurður Baldvin Friðriksson X°
* 27.8.1942 † 04.08.2023 ☐ Rún

Sigurður Jóhann Hafberg IX°
* 5.1.1959 † 11.01.2023 ☐ Njála

Sigurður Kristján Friðriksson X°
* 31.7.1939 † 10.08.2023 ☐ Rún

Sigurður Óli Valdimarsson X°
* 11.1.1931 † 01.09.2023 ☐ Edda

Sigursveinn Helgi Jóhannesson VIII°
* 3.1.1933 † 01.07.2023 ☐ Hamar

Stefán Skarphéðinsson X°
* 1.4.1945 † 08.11.2022 ☐ Mímir

Stefán Birgir Pedersen X°
* 7.12.1936 † 09.09.2023 ☐ Mælifell

Stefán Reynir Gíslason X°
* 23.10.1954 † 17.10.2023 ☐ Mælifell

Steingrímur Guðjónsson X°
* 27.7.1948 † 06.03.2023 ☐ Hamar

Sveinn Sigurjónsson VII°
* 1.10.1947 † 25.08.2023 ☐ Röðull

Völundur Þorsteinn Hermóðsson X°
* 8.11.1940 † 26.11.2022 ☐ Rún

Þorsteinn Guðmundur Húnfjörð X°
* 3.2.1933 † 06.06.2023 ☐ Sindri

Þorsteinn Svörfuður Stefánsson R&K
* 22.8.1937 † 04.01.2023 ☐ Fjölnir

Þór Snorrason X°
* 19.9.1933 † 19.05.2023 ☐ Edda

Þórður Pálmi Þórðarson VIII°
* 2.6.1953 † 21.04.2023 ☐ Mímir

Örn Jóhannsson X°
* 7.4.1939 † 06.12.2022 ☐ Fjölnir



LJÓSMYNDASAFN

Hver var áttundi líkmaðurinn?

Höfundur: Stefán E. Stefánsson

Í hádegisútvarpi Ríkisútvarpsins þann 26. janúar árið 1952 ávarpaði Steingrímur Steinþórsson, forsætisráðherra þjóðina og sagði meðal annars:

„Gera má ráð fyrir, að þjóðin öll hafi hlýtt á það útvarp, en við húskveðjuna voru ekki viðstaddir nema nánustu ættingjar forsetans og nokkrir vildarvinir, einkum úr frímúrarareglunni.“

„Góðir Íslendingar! Ég flyt íslensku þjóðinni sorgarfregn. Forseti Íslands, herra Sveinn Björnsson, andaðist í Reykjavík klukkan hálf fjögur í nótt. Forsetinn hafði fyrir skömmu gengið undir uppskurð erlendis og virtist á góðum batavegi, en að vonum máttfarinn eftir mikla og hættulega aðgerð.“

Sveinn hafði fyrstur tekið við embætti forseta Íslands við lýðveldisstofnun 1944. Hann hafði einnig um langt árabil verið í forystusveit íslenskra frímúrarara og varð fyrsti stórmeistari sjálfstæðrar Reglu þegar hún tók til starfa um mitt ár 1951.

Merk heimild

Í myndasafni Frímúrarareglunnar á Íslandi er varðveitt sú mynd sem hér að ofan má sjá. Hún er fyrir margra hluta sakir merkileg heimild, jafnt um útfaradag Sveins, en einnig þann ríka sess sem frímúrarastarfið hefur haft í huga hans og aðstandenda sem stóðu að skipulagningu útfararinnar. Myndin er tekin í kjölfar húskveðju sem fram fór á Bessastöðum kl. 12:45 þann 2. febrúar, áður en opinber kveðjuathöfn í Alþingishúsinu og útfararathöfn í Dómkirkjunni fóru fram.

Húskveðjunni var útvarpað en um athöfnina sagði meðal annars í Morgunblaðinu:

Fjöldinn stemmir ekki

Í umfjöllun blaðsins er einnig sagt frá því að kista forsetans hafi verið borin í líkvagn sem stóð fyrir aðaldyrum forsetasetursins og að því verki hafi sinnt „helztu forráðamenn Frímúrarareglunnar hér [...]“ Er í kjölfarið tíundað hverjir þeir voru en þó aðeins talin upp sjö nöfn þótt ljóst hafi mátt vera að líkmenn hafi annað hvort verið sex eða átta talsins.

Þannig er tiltekið að Carl Olsen, stórkaupmaður, Guðmundur Hlíðdal póst- og símamálastjóri, Ólafur Lárússon, prófessor, Poul Smith verkfræðingur, Scheving Thorsteinsson, lyfsali, Sveinn Sigurðsson, ritstjóri og Vilhjálmur Þór forstjóri hafi borið kistuna.

Klæddir í kjól og hvítt bera þeir kistuna í vetrarstillu. Fremstur stendur sannarlega Vilhjálmur Þór en hinu megin við fótagafl kistunnar er einnig herra Sigurgeir Sigurðsson, biskup Íslands sem var fyrsti æðsti kennimaður Reglunnar. Ber hann við þetta tilefni, rétt eins og Vilhjálmur Þór, stórriddarakross hinnar íslensku fálkaorðu.

Hvað veldur því að Morgunblaðið sleppir nafni Sigurgeirs í upptalningu sinni er ekki ljóst. Sennilega hefur blaðið ekki haft aðgang að myndinni sem hér er birt og ekki hef ég rekist á hana í öðrum prentmiðlum frá sama tíma.

Í myndasafni Reglunnar er ekki getið um höfund hennar. Allar ábendingar þar um væru vel þagnar. ✨



nowfoods.is

Veldu virkni

Frá NOW finnur þú fjölbreytt úrval vítamína og bætiefna sem hjálpa þér að mæta vetrinum af fullum krafti. Veldu virkni, veldu NOW.

Gæði - Hreinleiki - Virkni



Bætiefni koma ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki neyta meira af vörinni en ráðlagður daglegur neysluskammtur segir til um án ráðlegginga frá lækni. Ófrískar konur, konur með börn á brjósti og þeir sem eru að taka lyf ættu einnig að ráðfæra sig við lækni varðandi inntöku bætiefna. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Síðan 1968

BERNHÖFTSBAKARÍ

HANDVERK SÍÐAN 1834



KLAPPARSTÍG 3, 101 REYKJAVÍK

FERÐALÖG

Lentu skyndilega í miðju stríði

Höfundur: Haraldur M. Kristjánsson
Ljósmyndir: Sigurður Júlíusson



↑ Boeing 757-200 þota frá Icelandair, nefnd Hekla, sótti hópinn að boði íslenskra stjórnvalda.

Það var hress hópur Röðulsbræðra og maka sem mætti í Flugstöð Leifs Eiríkssonar að morgni 6. október síðastliðins í þeim tilgangi að ferðast til Ísrael. Með í för voru bræður úr nokkrum öðrum stúkum og makar þeirra, alls 85 manns.

Mikill undirbúningur að baki

Undirbúningur ferðarinnar hafði staðið yfir í eitt ár og hópurinn meðal annars notið fræðslu sr. Þórhalls Heimissonar í stúkuhúsinu á Selfossi, um margbrotna sögu Landsins helga. Ferðin var skipulögð af sérstakri ferðanefnd Röðuls og ferðaskrifstofunni Kólumbus sem Sigurður K. Kolbeinson á og rekur. Hann var sjálfur fararstjóri í ferðinni, en sr. Þórhallur sá um leiðsögn og fræðslu.

Flogið var í beinu flugi og lent á Ben Gurion flugvelli í Tel Aviv. Það var því þreyttur en ánægður hópur sem ók inn í Jerúsalem um kvöldmatarleytið. Gist var á fallegu hóteli, Grand Court, í miðborg Jerúsalem, þar sem öll aðstaða var til fyrirmyndar.

Hvöldardagur ólíkur öðrum

Þegar hópurinn vaknaði að morgni hvöldardagsins, 7. október og hélt til morgunverðar var einhver dularfull spennan í loftinu. Fljótlega heyrðist í flautum í grennd við

hótelið, sem reyndust vera loftvarnaflautur sem vöruðu við aðsteðjandi loftárás á borgina. Stundum heyrðust sprengingar samhliða flautunum og á himni mátti sjá rákir eftir flugskeyti sem varnarkerfi Ísraels reyndi að granda eftir bestu getu.

Hægt og rólega meðtöku ferðafélagar þessar sturluðu staðreyndir enda mátti sjá fréttaflutning heimspressunnar í sjónvarpinu á hótelinu um leið og þetta gerðist. Óhugnanlegir atburðir höfðu átt sér stað snemma morguns í grennd við Gasa þar sem hersveitir Hamas skæruliða höfðu ráðist á óbreytta borgara og tekið þá í gíslingu eða myrt. Eins höfðu Hezbollah skæruliðar í Líbanon skotið flugskeytum inn í Ísrael. Það var ljóst að stríð var skolið á. Ferðalag, sem stofnað var til í þeim tilgangi að kynna helgustu stöðum kristinnar trúar og fá að virða fyrir sér staðina sem Frelsarinn Jesús Kristur gerði ódauðlega með lífi sínu og starfi, en ekki síður dauða og upprisu, hafði í einu vetfangi breyst í eitthvað allt annað.

Mikil óvissa

Laugardagurinn leið í óvissu þó aðbúnaður væri góður, en enginn mátti fara út af hótelinu. Fararstjóri og skipuleggjendur ferðarinnar funduðu reglulega með hópnum og upplýstu um stöðuna.



↑ Um 85 manna hópur Íslendinga var nýlentur í Ísrael þegar ósköpin dundu yfir. Dvölin í landinu varð því mun skammvinnari en vonir höfðu staðið til.

Sunnudaginn 8. október var ákveðið að binda endi á ferðina og reyna að komast til Íslands sem allra fyrst.

Með sérstöku leyfi stjórnvalda í Jerúsalem reyndist unnt að fara í stutta rútufarferð um borgina um miðjan dag á sunnudeginum og virða fyrir sér borgina. Ferðin var afar ánægjuleg og þar fékk hópurinn tækifæri til að horfa yfir borgina og taka myndir. Eftir ferðina treystu nokkrir úr hópnum sér til að fara í stutta gönguferð frá hótelinu og sjá borgarmúra Jerúsalem berum augum.

Yfir til Jórdaníu og áfram

Að morgni mánudagsins 9. október var haldið í tveimur rútum um Vesturbakkann yfir til Jórdaníu og eftir drjúga bið á landamærum og töluverðan akstur var komið til höfuðborgarinnar Amman í Jórdaníu.

Íslenska ríkið undir forystu Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur utanríkisráðherra og íslensku utanríkisþjónustunnar hafði leigt flugvél Icelandair til að sækja hópinn og nokkra aðra sem einnig voru strandaglópar í Ísrael og koma þeim til Íslands.

Þegar komið var í hina fallegu þotu Heklu, sem skreytt er Norðurljósunum, tóku á móti hópnum fulltrúar utanríkisþjónustu Íslands og Ríkislögreglustjóra, auk bráðaliða Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Flugmenn og flugþjónar voru yndislegir í viðmóti og sýndu kærleika og einstaka þjónustulund.

Áð í borginni eilífu

Flogið var til Rómar þar sem skipt var um áhöfn og síðan lent í Keflavík um fimmleytið aðfaranótt 10. október eftir um 20 klukkustunda ferðalag.

Meðan hópurinn dvaldi í Ísrael sýndu allir aðdáunarvert æðruleysi og fóru að fyrirmælum. Vissulega reyndi þessi upplifun á þolrif allra, en órofa samstaða og einstök vinátta ferðafélaga, auk góðs skipulags og mikillar vinnu fararstjóra, ísraelsku ferðaþjónustunnar Monarch og ferðahóps Röðuls, skilaði sér öllum til góðs.

Fumleysi íslenskra stjórnvalda í að leysa úr málum er þakkarvert og til fyrirmyndar. ✨



Kjölföt

- Fjórfaesting í glæsileika



- Úrval kjölfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Kjölfötin okkar eru frá **CAVALIERE**
Seljum einnig síða frakka yfir kjölföt

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmannna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurður Þórólfsson, Böðvi
Sigurður Þórólfsson (Böðvi)



karlmenn

Laugavegi 77 Sími: 551 3033



FRÍMÚRARAKÓRINN

„Söngur er hámark mennskunnar“

Höfundur: Stefán Halldórsson
Ljósmynd: Jón Svavarsson

Frímúrarakórinn hefur flutt sig um set og æfir nú í stúkuhúsinu Ljósatröð í Hafnarfirði. Jafnframt er æfingátímanum breytt, verður nú á föstudögum kl. 17-19. Markmiðið með breytingunum er tvíþætt, að koma meiri festu á æfingar kórsins og að auðvelda yngri bræðrum að ganga til liðs við kórinn.

Kórinn hafði um langt skeið æft á laugardagsmorgnum í Regluheimilinu en starfið í húsinu fer sífellt vaxandi og þrengt hefur að æfingaráyminu. Kórinn er því þakklátur fyrir góðar móttökur í Ljósatröð.

Lagað að breyttum aðstæðum

Það hefur lengi verið viðkvæði yngri bræðra að æfingátími á laugardagsmorgnum væri erfiður fyrir barnafjölskyldur. Því er þess vænst að breyttur æfingátími henti yngri bræðrum betur og stuðli að aukinni nýliðun í kórnum.

Frímúrarakórinn fagnaði 30 ára afmæli fyrir á þessu ári, var stofnaður 30. janúar 1993. Vortónleikarnir þann 25. mars síðastliðinn voru því afmælistónleikar og heppnuðust mjög vel. Virkir félagar eru rúmlega 40 talsins, en allir frímúrarar á Íslandi hafa rétt til þátttöku að höfðu samráði við kórstjóra.

Til eflingar bróðurhugs

Megin tilgangur kórsins er að efla bróðurhug allra söngelskra frímúrarabræðra og að syngja á fundum og skemmtunum innan Reglunnar. Stærstu verkefni ár hvert eru söngur á Regluhátíð í janúar og á vortónleikum í Regluheimilinu sem eru opnir almenningi, en auk þess syngur kórinn nokkrum sinnum á vetri á stúkufundum eða við sérstök tilefni innan Reglunnar.

Tónlistin skiptir söpum

Fyrirum dróttseti Reglunnar, Jón Sigurðsson heitinn var mikill stuðningsmaður kórsins. Hann sagði eitt sinn í ávarpi: „Söngur er hámark mennskunnar.“

Í grein í Frímúrararannum á árinu 2022 segir að vægi tónlistar sé gríðarmikið á öllum samkomum Reglunnar frá minnstu fundum upp í stórar hátíðir. Jónas Þórir Þórisson var þá nýskipaður Kantor Reglunnar og hann sagðist vona að það starf sem frábærir söngstjórar og tónlistarmenn inna af hendi innan Reglunnar verði metið að verðleikum. Jónas Þórir var aðalstjórnandi Frímúrarakórsins á árunum 2013-2019 og starfar áfram með kórnum sem píanóleikari.

Á árunum 2020-2022 riðlaðist starfið vegna Covid-faraldursins, en frá hausti 2022 hefur kórinn æft af fullum krafti. Næstu vortónleikar verða laugardaginn 23. mars 2024.

Hagnýta tæknina í starfinu

Leitast er við að nýta stafræna tækni í þágu kórsins með því að útbúa hljóðskrár af raddsetningum laganna sem eru á söngskránni hverju sinni og koma þeim og nótum á tölvutæku formi til kórfélaga.

„Ég hvet alla söngstjóra Reglunnar til að stuðla að því að þeir bræður sem erindi eiga gefi sig fram til starfa með kórnum,“ segir Kristján Hermannsson, formaður kórsins.

Reynslumikill stjórnandi

Friðrik S. Kristinsson, söngstjóri stúkunnar Njarðar, hefur verið aðalstjórnandi kórsins frá haustinu 2019. Hann er í fremstu röð íslenskra kórstjóra, hefur stjórnað Karlakór Reykjavíkur frá árinu 1989 og stjórnar nú einnig Samkór Kópavogs.

„Í Frímúrarakórnum æfum við og flytjum á tónleikum og stúkufundum allar helstu perlor sem samdar hafa verið fyrir karlakóra. Við fléttum auðvitað inn í efnisskrána lög og texta eftir bræður okkar í Reglunni. Á árlegum vortónleikum eru sungin íslensk og erlend karlakórsög. Oftar en ekki erum við með gestasöngvara og hljóðfæraleikara á þessum tónleikum þannig að fjölbreytnin er mikil þegar við komum fram,“ segir Friðrik.

Læri texta utanbókar

Eftir að röskun vegna Covid-faraldursins var að baki hefur Friðrik fengið kærkominn vinnufrið til að þjálfa kórfélaga og miðla þeim af áratuga reynslu sinni í kórstjórn. Hann segir:

„Ég legg mikla áherslu á að söngmenn nái góðum tókum á texta og læri helst utanbókar. Einnig kenni ég kórfélögum á æfingum hvernig og hvar söngroddin þarf að vera staðsett svo að hinn rétti hljómur náist. Svo skiptir öndunin öllu máli og kórfélagar þurfa að vera meðvitaðir um hvernig á að anda rétt sem söngvari.“ ✨

HÓTEL REYKJAVÍK GRAND
FYRSTA FLOKKS RÁÐSTEFNU- OG FUNDARADSTAÐA

Okkar markmið er að þinn fundur eða viðburður gangi eins vel fyrir sig og framast er kostur. Við bjóðum upp á 11 glæsilega sali fyrir ráðstefnur, fundi námskeiðahald, sýningar og margt fleira.

HÁTEIGUR · BJARTUR · GLÆSILEGUR · STÍLHREINN · 27 M² BREIÐTJALD

HÓTEL REYKJAVÍK GRAND
islandshotel.is/fundur | fundir@islandshotel.is

MERLO

35.7 CS



STUTTUR AFHENDINGARTÍMI



FULLKOMINN
FYRIR
ÍSLENSKAR
AÐSTÆÐUR



Verkfæri ehf – Tónahvarfi 3, 203 Kópavogur
Lækjarvellir 2b, Akureyri
S.544 4210 – sale@verkfaeriehf.is

www.vvv.is



VERKSÝN

Síðumúla 1 - reynir@verksyn.is - 8629131



RAFEYRI
alltaf í stuði!



SIGN.IS



HÚSEY

Teikni- og verkfræðistofa



LAGASTOÐ



RAFSTÖÐIN
RAFVERKTAKAR



ESKJA

Hásandur ehf.



VERSLUN OG VIÐGERÐIR



BYGGINGAVERKTAKAR

Nesey



TÖLVUADSTOÐ



SKILTAGERÐ

GBS
Gröfupjónustan

EXPERT



Álnabær

Ferningar



FAGMENN
REGALO



East Iceland Bus Company



KC-MÁLUN.is



LOTA



Gæða
BAKSTUR

City Car Rental



Kampavínsfjallagjöld & co.



VIÐBURÐUR

Fræðslumót um fjármál

Höfundar: Stefán Einar Stefánsson og Einar Kristinn Jónsson
Ljósmyndir: Jón Svavarsson

Sunnudaginn 15. október síðastliðinn hélt Fræðslunefnd Reglunnar fjölmenna ráðstefnu, fræðslumót frímúrara, um fjármál einstaklinga. Viðburðurinn var opinn öllum bræðrum og gestum þeirra. Honum var sjónvarpað í regluheimilin um landið og var aðsókn með miklum ágætum á öllum stöðum.

Markmið ráðstefnunnar var að svara spurningum sem meðal annars lúta að því hverju hyggja þurfi að í tengslum við starfslok, lífeyrismál, sparnað og skattamál. Hvað á fólk að gera í lífeyrismálum um fimmtugt, sextugt eða við starfslok? Hvenær er heppilegt að fara á lífeyri? Ljóst er að þessar spurningar eru ofarlega í huga margra, ekki síst þeirra sem komnir eru nær starfslokum en sífellt fleira yngra fólk er einnig farið að huga að þessum málum með langtímasjónarmið í huga.

↑ Fundurinn var afar vel sóttur og mættu þannig til dæmis 190 manns til leiks í Reykjavík.

Aðsókn á fræðslumót

Reykjavík	190
Akranes	25
Ísafjörður	17
Sauðárkrókkur	16
Siglufjörður	11
Akureyri	25
Egilsstaðir	16
Vestmannaeyjar	3
Selfoss	3
Reykjanesbær	33
Aðrir	11

Samtals 350



Einvala hópur frummælanda var fenginn til þess að fjalla um þessi mál út frá ólíkum vinklum. Tryggvi Pálsson og Stefán Halldórsson fluttu afar áhugaverð erindi um undirbúning og aðlögun að starfslokum. Hverju þurfi að huga að. Þá fjölluðu þeir um hið þriggja stöða lífeyriskerfi sem byggt hefur verið upp hér á landi og önnur atriði.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, fjallaði um lífeyrissjóðina, Ásta Júlía Arnardóttir, verkefnastjóri hjá Tryggingastofnun ríkisins, um þátt almannatrygginga, og Haraldur Gunnarsson, viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka, um önnur atriði, m.a. skattamál, erfðaskipti, tengsl kerfanna þriggja og fleira.

Að loknu kaffihléi var efnt til líflegra pallborðs-umræðna, auk fyrirspurna úr sal. Þar sátu auk frummælanda þeir Árni Gunnarsson og Árni Haraldsson. Stýrði Ársæll Guðmundsson þessum umræðum. Ráðstefnustjóri

var Einar Kristinn Jónsson, formaður Fræðslunefndar Reglunnar og ritari og tæknistjóri var Steingrímur B. Gunnarssonar.

Um 350 manns sóttu ráðstefnuna alls, þar af 190 manns í Regluheimilinu í Reykjavík og 160 manns í nýu stúkuhúsum úti á landi auk nokkurra bræðra á sunnanverðum Vestfjörðum, sem ekki gátu sótt fund. Þetta er því með fjölmennari viðburðum í Reglunni. ✨

↑ Margir öflugir fyrirlesarar innan og utan Reglunnar lögðu sín lóð á vogarskálarnar til þess að ráðstefnan gæti orðið sem innihaldsríkust fyrir þátttakendur.



FRÍMÚRARASTÚKUR ERLENDIS HEIMSÓTTAR

Við höfum skipulagt heimsóknir
til erlendra frímúrarastúkna síðan 2004.



Meðal borga sem við sérhæfum okkur
í heimsóknum til eru Kaupmannahöfn,
Osló, Stokkhólmur og Edinborg.

Tökum að okkur að gera tilboð í hópferðir bræðra og maka þeirra þar sem dvalið er á góðum hótelum,
farið í skoðunarferðir og snæddur sameiginlegur kvöldverður svo dæmi sé nefnt. Með þessu geta
ferðanefndir stúknanna sparað sér ómælda vinnu og látið fagaðila annast allt skipulag og utnumhald.

Nánari upplýsingar veitir br. Sigurður K. Kolbeinsson í síma 821-9997. Netfang: skk@niko.is



Kolumbus – Ævintýraferðir er ferðaskrifstofa í eigu Niko ehf.
og hefur það að markmiði sínu að bjóða uppá einstakar ferðalausnir
til áfangastaða sem fólk hefur almennt ekki heimsótt.
Lengri og skemmir ferðir innan Evrópu og til annarra heimsálfa.

Niko ehf. | Austurvegi 6 | 800 Selfoss | kt. 590110-1750 | kolumbus.is

KOLUMBUS

ÆVINTÝRAFERÐIR

ÁVARP STÓRMEISTARA

Trúnaður og traust

KRISTJÁN ÞÓRÐARSON



↑ SMR Kristján Þórðarson. Ljósmynd: Guðmundur Skúli Viðarsson.

Reglustarfið hefur náð fyrri stöðu eftir erfitt COVID tímabil. Áhrifin á starfið urðu umtalsverð, en við getum þó verið stoltir af hvernig til hefur tekist. Þátttakan í starfinu hefur náð fyrri styrk að mestu. Alltaf er þó unnt að gera betur og það ber okkur öllum að gera, hvar sem við stöndum. Aukin áhersla á kynningu Reglunnar meðal almennings er komin á góðan reksþöl, sérstakar kynningar fyrir hópa námsmanna, starfsmannafélög og aðra sem voru í boði í Regluheimilinu fyrir COVID, eru nú einnig komnar aftur í gang. Augljóst er að mikil þörf er á aukinni upplýsingamiðlun, til að auka og bæta þekkingu almennings á því mannúðar- og mannræktarstarfi sem fram fer innan vébanda Reglunnar okkar.

Afar þýðingarmikið er að starfið innan Reglunnar sé hornrétt og að það auki velsæld bræðranna, Reglunni og samfélaginu til heilla. Allt starf okkar byggir á virðingu fyrir öðrum, að við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur. Til að Reglan nái markmiðum sínum til framtíðar er meðal annars mikilvægt að við hugum að nýliðun í hópnum. Mikill áhugi á inngöngu hefur komið í ljós á þeim kynningarfundum um Regluna sem haldnir hafa verið í Hafnarfirði, Reykjavík og á Akureyri. Fjölgun umsókna hefur fylgt í kjölfarið. Um mögulega félagsaðild gilda einfaldar kröfur, sem flestir geta uppfyllt, svo sem um aldur, orðspor, fjárhagslegt sjálfstæði og kröfu um að viðkomandi sé kristinn trúar. Lög Reglunnar kveða á um trúnað um síðabálka Reglunnar og fundafraamkvæmd. Það sama á við um umsóknir þeirra sem óska eftir félagsaðild. Bæði núverandi og verðandi bræður eiga að geta fengið skjól innan Reglunnar,

auk umhyggju og leiðbeiningar til að bæta sinn innri mann. Hér geta menn hins vegar ekki vænst skjótfengings gróða eða veraldlegs valds. Sérhagsmunagæsla og umræða um pólitík og trúmál er bönnuð á vettvangi reglustarfsins.

Í tímaritinu okkar, Frímúrararastúkur hefur m.a. verið fjallað um fjórar höfuðdyggðir frímúrarara. Innihald þeirra hefur verið brotið til mergjar hér í blaðinu, sem og í fræðabálkum Reglunnar. Þagmælska, varúð, hófsemi og miskunnsemi, eru þá og því aðeins dyggðir að þær séu hafðar í heiðri. Þær eru einskis virði ef þær eru ekki annað en texti á blaði. Það er í valdi hvers og eins bróður að láta þessar dyggðir raungerast í daglegu lífi sínu. Brot á þeim rýrir virðingu okkar einstaka félagskapar. Það kostar mikla vinnu, elju og kraft að tryggja traust almennings á Reglunni. Allir bræður eiga að virða grunnildi kristinnar trúar og haga lífi sínu í samræmi við þær dyggðir sem okkur öllum eru afar kærar.

Á þessu ári var tekin upp sú nýjung að færa bræðrum viðurkenningu á 25 ára, 40 ára og 50 ára starfsafmæli þeirra, fyrir tryggð við Regluna. Viðurkenningin er skjál ásamt barmmerki í bronzi, silfri eða gulli. Af viðbrögðum bræðranna að dæma, hefur þessi nýjung náð þeim tilgangi sem að var stefnt, sem er að láta bræður vita af því að Reglan metur mikils og virðir tryggð bræðranna, við hana.

Að lokum vil ég óska ykkur bræðrunum og fjölskyldum ykkar, gleðilegrar jólahátíðar, og um leið að hvetja bræður, sem geta því við komið, til að taka þátt í Regluhátíð okkar sem verður haldin laugardaginn 13. janúar 2023, og hefst klukkan 15. ✨

Guð elskar alla menn og heyrir allar bænir

Höfundur og ljósmynd: Arnar Þór Jónsson


Í frímúrarahúsinu í Fíladelfíu getur að líta veglega stytta af George Washington (1732-1799), sem sýnir þennan fyrsta forseta Bandaríkjanna á bæn. Stytta skírskotar til frægrar sögu úr frelsisstríði Bandaríkjanna sem tengd er Valley Forge, þar sem frelsisherinn hafði vetursetu 1777-1778. Valley Forge varð síðar að þjóðgarði til minningar um fórnir og þolgæði þeirra sem börðust fyrir því að Bandaríkin yrðu frjáls og fullvalda. Í þjóðgarðinum er samstöðumætti fólks gert hátt undir höfði, það er þeim krafti sem leysist úr læðingi þegar fólk sameinast andspænis erfiðleikum og andstremmi.

Í ævisögu George Washington eftir Önnu C. Reed (útg. 1842) er sagt frá þeim þrengingum, kulda og hungri, sem hermenn Washingtons áttu við að etja þennan vetur. Anna Reed segir frá því að íbúum svæðisins hafi verið fullkunnugt um bágar aðstæður hermanna og verið órólegir þess vegna. Einn daginn hafi almennur borgari verið á göngu nálægt búðum hersins þegar hann heyrði lágmælda rödd. Milli trjána greindi hann æða yfirmann hersins, George Washington, á bæn. Til að trufla hershöfðingjann ekki gekk maðurinn hljóðlega á brott, en þegar heim var komið sagði hann fjölskyldu sinni frá því að frelsisherinn myndi sigra, því herforinginn treysti ekki aðeins á sinn eigin styrk, heldur leitaði styrks til Guðs sem allar bænir heyrir og hefur gefið mönnum eftirfarandi loforð:

*Ákalla mig á degi neyðarinnar
og ég mun frelsa þig
og þú skalt vegsama mig.*

Í ævisögunni segir Reed einnig frá konu sem bjó í Valley Forge sem greindi frá því, eftir að herinn var farinn, að Washington hefði daglega yfirgefið herbúðirnar til að biðjast fyrir í einrúmi.

Margir gleyma Guði þegar vel gengur en leita hjálpar hans þegar á móti blæs. Þannig var því ekki háttáð í tilviki Washingtons sem var stöðugur í trúnni, þolgóður í mótæti og auðmjúkur í meðlæti. Þegar hann á gamals aldri var spurður hvað hefði valdið því að hann var alls staðar valinn til ábyrgðar og trúnaðarstarfa, þá á Washington að hafa svarað að hann hefði ávallt lagt sig fram um að sýna öðru fólki fyllstu kurteisi. Það gerði hann í anda hins tvöfalda kærleiksboðorðs. Eftir að stríðinu lauk gegndi Washington lykilllutverki sem maður sátta og friðar á mótunarárum hins nýja lýðveldis. ✨



↑ Stytta sem sýnir George Washington hershöfðingja á bæn.

Með jólakveðju

Pílurnar
fást hjá
Ping Pong
Síðumúla 35



Síðumúli 35
108 Reykjavík
Sími 568 3920
Opíð 11.00-18.00



Slysavarnir

Tryggjum augnablikid

Réttur öryggisbúnaður getur skilið á milli gleðilegs nýárs og alvarlegra slysa. Notum hlífðargleraugu og förum eftir leiðbeiningum.

Góða skemmtun.

SJÓVÁ

SJOVA.IS | 440 2000 | SJOVA@SJOVA.IS



LEUPOLD

Sjónaukar



VEIDIHORNID



SJÁÐU LENGRA OG BETUR MED BANDARÍSKU LEUPOLD HANDSJÓNAUKUNUM

Tærar og bjartar linsur sem gefa margfalt dýrari sjónaukum ekkert eftir.



Sjáðu video
kynningu um
**BX-4 Pro Guide
HD 10x42.**



Klíktu úrvalið af
handsjónaukum
í netverslun.



Sjáðu video
kynningu um
**BX-2 Alpine
HD 8x42.**



Sjáðu video
kynningu um
**BX-1 McKenzie
HD 12x50.**